

SKOÐUN

Vinnuveitendur bera ábyrgð á að ekki séu heilsuspillandi aðstæður á vinnustað og að brugðist sé við þeim á viðunandi hátt, skrifar Teitur Guðmundsson. **13**

MENNING

Stutt var í hláturinn hjá Þórdísi Elvu og Þóru Karitas er þær þýddu erótísku ástarsöguna Þú afhjúpar mig. **30**

SPORT

Arnór Atlason er með slitna hásin og fer í aðgerð á morgun. Hann stefnir þó að því að spila aftur á tímabilinu. **26**

ÍSLENSKA
**HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN**
2010

NÝR MATSEÐILL FYLGIR
BLAÐINU Í DAG.



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

20. nóvember 2012
273. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Mótmælt við sendiráð

Þúsund manns komu saman á Laufásvegi til að mótmæla árásum Ísraela á Gasa. 100 manns hafa látist síðustu daga. Vopnahlé var rætt í gærkvöldi. **2 & 10**

Flóð og fárviðri Ef ekki dregur úr mengun gæti andrúmsloft hlýnað um fjórar gráður á hálfri öld. **4**

Selja helmingshlut Framtaks-sjóður selur 50 til 60% hlut sinn í Vodafone í desemberbyrjun. **6**

Fyrr í skóla Börn sem fædd eru snemma á árinu gætu byrjað fyrr í skóla. **8**



Bolungarvík	-1°	A	15
Akureyri	-4°	A	5
Egilsstaðir	-3°	NA	7
Kirkjubæjarklaustur	-1°	A	6
Reykjavík	-2°	A	13

Svalt í dag en dregur úr frosti á morgun og fimmtudag. NA-áttir næstu daga og heldur hvasst á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og við suðausturströndina. Fremur hægur vindur inn til landsins. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Jólagaðahugmyndir



Biblían
BÓK BÓKANNA

www.forlagid.is



FANGAÐIR Á MYND Dómari bannaði í gær frétttaflutning af réttarhöldum í líkamsárásarmáli Annþórs Kristjáns Karlssonar, Barkar Birgissonar og sjö annarra. Tvímenningarnir huldu venju samkvæmt andlit sín á leið í réttarsalinn en teiknarinn Halldór Baldursson fangaði með blýanti sínum þegar Annþór gaf skýrslu fyrir dómi og svaraði meðal annars spurningum verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar (í miðri). Lögreglan hafði mikinn viðbúnað, þrettán lögregluþjónar voru á staðnum, og stendur einn vörð fyrir aftan verjendur. **6**

Orðar bann á almenn lán hjá lífeyrissjóðum

Formaður fjárlaganefndar vill íhuga að skikka lífeyrissjóði til að leggja fé í varasjóð til að bregðast við áföllum lántakenda. Séu þeir ekki tilbúnir til þess þurfi að skoða bann við lánnum þeirra til einstaklinga. Geti ekki skákað í skjóli lánsveða.

STJÓRN MÁL Björn Valur Gíslason, formaður fjárlaganefndar, segir að lífeyrissjóðir hafi ekki viljað taka þátt í því að bregðast við efnahagshruninu, hvorki með niðurfellingu skulda né fjárfestingum. Hann segir að þeir skáki í skjóli lánsveða sem séu trygg og vilji því lítið sem ekkert gera.

Björn Valur segir að tímabært sé að íhuga breytingar á lögum um lífeyrissjóði, leysist ekki úr máluum. Ekki sé hægt að breyta lögum afturvirkir en huga þurfi að framtíðinni.

„Við getum sagt við þá: nú eruð þið að lána einstaklingum til langs tíma, 20, 30, 40 ár. Það er langur tími, það er hálf mannsævi og það getur ýmislegt gerst, eins og dæmin sanna. Dæmin sanna líka að þið eruð ekki tilbúnir til að taka mikinn þátt í því ef eitthvað gerist.“

Björn Valur vill skoða tvennt. Íhuga þurfi hvort skuldbinda eigi lífeyrissjóðina til að leggja í varasjóð til að bregðast við áföllum. Flestir lánveitendur geri það, en



„...maður spyr sig í ljósi reynslunnar hvort það sé kannski nauðsynlegt, það er að segja að lífeyrissjóðunum verði hreinlega óheimilt að vera á lánamarkaði til einstaklinga.“

Björn Valur Gíslason, formaður fjárlaganefndar Alþingis

ekki lífeyrissjóðirnir þar sem þeir láni fyrst og fremst út á veð hjá lántakendum.

„Hitt væri kannski það sem er auðvitað róttækt að gera, en maður spyr sig í ljósi reynslunnar hvort það sé kannski nauðsynlegt, það er

að segja að lífeyrissjóðunum verði hreinlega óheimilt að vera á lánamarkaði til einstaklinga.“

Séu lífeyrissjóðirnir ekki tilbúnir til þess að bera sömu samfélagslegu ábyrgð gagnvart lántakendum og krafa er gerð um til ríkisins og jafnvel bankanna verði að skoða þetta.

„Ef þú vilt þetta ekki þá er bara spurning, ágæti lífeyrissjóður, hvort þú eigir ekki bara að taka þátt í skuldabréfakaupum og gjaldþyrskingum og slíku, en ekki vera að offra sjóðfélögum með persónulegum lánveitingum.“

Björn segir að reynt hafi verið að fá lífeyrissjóðina til að taka þátt í ýmsum stórum fjárfestingum, en þeir einatt skorast undan. Þeir vilji hærri vexti en ríkið geti borgað eða sjálft fengið erlendis. Þannig haldi þeir uppi vaxtastigi.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að málefni lífeyrissjóðanna verði rædd á fundi ríkisstjórnarinnar í dag. Raddir um einhvers konar lagasetningu séu orðnar hávæðari. - kóp / sjá síðu 4

Þjóðhátasöfnun stendur yfir: Varpar ljósi á líf fólks á 20. öld

LÍFSSTÍLL „Við erum að fá fólk til að lýsa æskuheimili sínu,“ segir Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur um spurningalista sem Þjóðminjasafnið hefur sent út um híbýli, húsbúnað og hverdagslíf. Svörin munu nýtaast til að skoða hvernig fólk metur hluti úr upp- vexti sínum. - gun / sjá síðu 18

„Fremstur norrænna sakamála- höfundur.“
THE TIMES
VAKA-HEILGAFELL
www.forlagid.is

SPURNING
DAGSINS

Hildur, er Blendingurinn þá mykraverk?

„Myrkfælnin ætla seint að venjast af mér, kannski sem betur fer því það er þá að minnsta kosti kveikt á sköpunarkraftinum á meðan.“

Hildur Margrétardóttir skrifaði bókina Blendingurinn á nóttunni þegar hún dvaldist í Svíþjóð og gekk seint að sofna sökum myrkfælni.

Aron Pétur Karlsson sakfelldur fyrir að hafa hundruð milljóna af þremur bönkum með blekkingum:
Tveggja ára fangelsi fyrir sendiráðssvindl

ÓSÁTTUR Aron Pétur Karlsson er óánægður með dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐ.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Aron Pétur Karlsson í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir fjársvik í tengslum við sölu á stórhýsi við Skúlagötu 51, þar sem nú er sendiráð Kínverja á Íslandi.

Þrjú bankar áttu veð í húsinu til

tryggingar á tæplega eins milljarðs skuldar félagsins Vindasúlna, sem átti fasteignina. Aron Pétur er fundinn sekur um að blekkja bankana þrjú þegar hann kynnti þeim kauptilboð indversks félags í fasteignina að upphæð 575 milljónir króna, og lét þá samþykka að aflétta veðunum gegn því að fá kaupverðið upp í eins milljarðs skuldina.

Niðurstaða dómsins er að tilboðið sem hann kynnti bönkunum hafi verið markleysa og ætlað til að hafa hundruð milljóna af bönkunum, því

að á sama tíma lá fyrir mun hærra kauptilboð frá kínverska ríkinu, sem hann leyndi fyrir veðhöfunum. Aron fékk veðunum aflétt, seldi svo Kínverjunum húsið á mun hærri upphæð, og hirti mismuninn.

Í niðurstöðu dómsins segir að Aron hafi haft einbeittan ásetning og að brotið hafi verið þaulskipulagt. Tæpar 100 milljónir sem fundust á bankareikningi félags í eigu Arons eru gerðar upptækar. Þá er honum gert að greiða bönkunum þremur 155 milljónir í bætur. -sh

→ Sannleikur á haus

„Dómurinn er mér mikil vonbrigði og satt best að segja átti ég ekki von á að sannleikanum yrði snúið á hvolf jafn rækilega og raun ber vitni,“ segir í yfirlýsingu sem Aron sendi frá sér í gær. „Niðurstaðan er byggð á röngum forsendum og mér finnst í þessu tilfelli að bankakerfið hafi fengið að njóta vafans í málinu en ég ekki.“ Hann segist munu áfrýja dómnum til Hæstaréttar.



MÓTMÆLT Yfir hundruð manna hafa látist á Gasa undanfarna sólarhringa. Ógmundur Jónasson innanríkisráðherra ávarpaði fundarmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Yfir þúsund manna mótmæltu við bandaríska sendiráðið: Fjöldamorð á Gasa verði stöðvuð

SAMFÉLAGSMÁL Meira en þúsund manna komu saman við bandaríska sendiráðið á Laufásvegi í gær til að mótmæla árásum Ísraela í Palestínu. Fólkið krafðist þess að Bandaríkjamenn stöðvi blóðbaðið á Gasa. Félagið Ísland-Palestína stóð fyrir mótmælunum.

Ógmundur Jónasson innanríkisráðherra var á meðal ræðumanna á fundinum í gær. „Hvað verður búið að drepa mörg börn í tíufréttum?“ sagði Ógmundur meðal annars í ræðu sinni. „Ríkið Ísrael hefur breyst í ófreskju sem fær að leika lausum hala undir verndarvæng Bandaríkjanna.“ Hann lauk ræðu sinni með því að hvetja Obama Bandaríkjaforseta til þess að stöðva fjöldamorðin. - þeb / sjá síðu 10

ALMANNAVARNIR

Hættustigi aflétt

Hættu- og óvissustigi vegna snjóflóða-hættu á norðanverðum Vestfjörðum og Mið-Norðurlandi var aflétt í gær. Lagt var mat á hættu vegna snjóflóða undir Nöfunum á Sauðárkróki í gær og ákveðið að aflétta rýmingu á þeim húsum sem íbúar þurftu að yfirgefa um helgina. Þeir fengu að snúa heim í gær.

FORSETAEMBÆTTIÐ

Heimsækja bændur

Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff eru nú á Norðurlandi, þar sem þau hitta meðal annars fyrir sauðfjárþændur sem misstu fé í áhlaupinu í haust. Forsetahjónin munu auk þess heimsækja nemendur í fjórðungnum, en heimsókn þeirra lýkur í dag.

Fulltrúi í Faxaflóahöfnum:

Mikil hætta af farþegaskipum

ÖRYGGISMÁL Júlíus Vífill Ingvarsson, sem er í stjórn Faxaflóahafna, segir greinargerð sína hversu mikil hætta geti stafað af slysi vegna komu skemmtiferðaskipa inn í Reykjavíkurbarnir.

„Tvö stór farþegaskip lentu í vandræðum vegna hliðarvinds,“ segir í bókun þar sem Júlíus leggur áherslu á að lokið verði við viðbragðsáætlanir vegna komu skemmtiferðaskipa fyrir næsta vor. Gerðar hafi verið áætlanir vegna ferjuslyss á Seyðisfirði og fyrir báta og skip á Húsavík. - gar

Afskipti af tóbakssölu barna þyrnir í augum

Samtök verslunar og þjónustu segja heilbrigðiseftirlitið fara langt út fyrir heimild í lögum með því að krefjast að átján ára og yngri komi á engan hátt að sölu tóbaks. Heilbrigðisnefnd segir þetta grafalvarlega ásökun. Vilji löggjafans í málinu sé skýr.

STJÓRNSÝSLA Samtök verslunar og þjónustu saka Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogsvæðis um íþyngjandi og ólögmat afskipti af afgreiðslustörfum þeirra sem eru yngri en átján ára í verslunum þar sem tóbak er selt.

Í bréfi til heilbrigðiseftirlitsins útskýrir lögmaður Samtaka verslunar og þjónustu, SVP, að einstaka verslanir hafi komið á því verklagi að í þeim tilvikum þar sem fólk yngri en átján ára sé við afgreiðslu sé tryggt að samtímis sé þar fullorðinn starfsmaður.

„Grundvallast umrætt fyrirkomulag á því að þegar verslað er með tóbak, eða óskað eftir að kaupa tóbak, þá er ávallt kallaður til starfsmaður eldri en átján ára sem sér þá um að meðhöndla og afgreiða tóbak og að sama skapi tryggir sá fullorðni aðili að gengið sé úr skugga um að viðkomandi viðskiptavinur sé eldri en átján ára,“ segir í bréfi SVP.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis tók bréf SVP fyrir á síðasta fundi sínum. Þar var bókað að ásökun SVP um að heilbrigðisnefnd stundi lögbrot við störf sín væri grafalvarleg.

„Í allra stystu máli snýst þetta um hvar ábyrgðin á tóbakssölu í verslun á að liggja og hvort varpa megi henni á barn, í tilvikum þegar unglingar eru í vinnu á afgreiðslukössum ákveðinna verslana. Aðstæður verða til þess að þeim er ætlað að koma inn í söluferli tóbaks, sem er óheimilt samkvæmt lögum. Auðvelt er fyrir verslanir að leysa þessi mál og eru þau leyst víða,“ segir í bókun nefndarinnar.

Meintur misbrestur á að fylgt sé



VERSLUN Heilbrigðiseftirlitið og verslunarmenn eru ekki samstiga í túlkun á lögum um aðkomu yngri en átján ára að sölu tóbaks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

“ Í allra stystu máli snýst þetta um hvar ábyrgðin á tóbakssölu í verslun á að liggja og hvort varpa megi henni á barn.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis.

ákvæðum laga um tóbaksvarnir þar sem unglingar vinna kom til kasta heilbrigðisráðuneytisins haustið 2008. Í umsögn sagði ráðuneytið óheimilt að aðrir en þeir sem orðnir séu átján ára kæmu að sölu tóbaks.

„Engu breytir þar um þó svo eldri starfsmaður sé til staðar og aðeins kallaður að afgreiðsluborði

í slíkum tilvikum. Það er skoðun ráðuneytisins að með aðgangi unglingsins að söluinni sé búið að afhenda honum vöruna til að hann geti selt hana. Aðrar óljósar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að salan fari fram skipta ekki máli í því sambandi,“ sagði í umsögninni sem lögð var fram á fyrrnefndum fundi hjá heilbrigðisnefndinni sem kvað ljóst að lítil vilji væri til þess hjá sumum verslunum að leysa málið í samræmi við lög og reglur.

„Heilbrigðisnefnd mun því senda erindi Samtaka verslunar og þjónustu til velferðarráðuneytisins þar sem ljóst er að kveða þarf fastar að, eigi vilji löggjafans um vernd barna og unglunga að ná fram að ganga.“ gar@frettabladid.is

Vilt þú fá meira út úr golfinu?

Hentar þeim, sem vilja hámarka árangur sinn í golfi og komast í betra form!

Þjálfun til að auka þol og styrk, ásamt sérhæfðum æfingum til að bæta golf-sveifluna og koma í veg fyrir meiðsli.

Í form fyrir golfið

- Hefst 4. desember - 4 vikur
- Þri og fim í hádeginu kl. 12:10-12:55
- Þjálfari: Árnýs Hulda Óskarsdóttir
- Verð kr. 12.900



HEILSUBORG

Skráning í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Samkeppniseftirlit telur samkeppnisleg vandamál í lögum um sjávarútveg:
Afnema þarf samkeppnistálma

SJÁVARÚTVEGUR Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til íhlutunar vegna kvörtunar Samtaka fiskframleiðenda og útgerða. Eftirlitið beinir hins vegar tilmælum til Steingríms J. Sigfússonar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, um að draga úr samkeppnishindrunum í sjávarútvegi. Kvörtunin lýtur að samkeppnisstöðu útgerða sem ekki stunda vinnslu og fiskvinnslufyrirtækja sem ekki stunda veiðar, gagnvart útgerðum sem bæði stunda veiðar og vinnslu. Gjarnan er talað um löðrétta samþættingu hjá slíkum fyrirtækjum.

Samkeppniseftirlitið telur hins vegar að lagaumhverfi sjávarútvegs leiði af sér samkeppnisvandamál að þessu leyti. Það mælist til þess að ráðherra beiti sér fyrir því að dregið verði úr þeim vandamálum. Það megi til dæmis gera með milliverðlagningarreglum eða því að koma í veg fyrir að skip útgerðar, sem ekki stundar jafnfram vinnslu, græði hærri hafnargjöld. Samkeppniseftirlitið leggur einnig til að heimildir til kvótaframsals verði auknar og fyrirkomulag laga um Verðlagsstofu skiptaverðs verði skoðuð.



VEIÐAR OG VINNSLA Skerpa þarf á verðlagsmálum í sjávarútvegi að mati Samkeppniseftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Steingrímur segir að tilmælin verði skoðuð, en þau búrast í hús í gær.

„Vinna hefur staðið yfir við að skoða mál Verðlagsstofu skiptaverðs og hvernig hægt er að styrkja umgjörðina um hana. Þetta rímar ekkert illa við það sem við erum að gera þar.“ - kóp




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Vertu til er vetur kallar á þig

Komdu og fáðu **sex punkta** yfirferð fyrir veturinn hjá fagmönnum. Það er **ókeypis** fyrir eigendur Toyota.



11 viðurkenndir þjónustuaðilar um allt land. Engin vandamál – bara lausnir.

Komdu til viðurkennds þjónustuaðila í nóvember og fáðu sex punkta yfirferð án endurgjalds. Við förum yfir ljósin, rafgeyminn, þurrkurnar, rúðuvökvann, smyrjum lamir og læsingar og setjum sílikon á þéttikanta.

20% afsláttur

af rúðupurrkublöðum, þurrkugúmmíum og bílaperum.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kaupúni
Toyota Akureyri
Toyota Selfossi
Toyota Reykjanesbæ
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bifreiðaverkstæðið Ásinn
Bílatangi
Bifreiðaverkstæði KS
Bílaleiga Húsavíkur
Bílaverkstæði Austurlands
Bílageirinn

Kaupúni 6
Baldursnesi 1
Fossnesi 14
Njarðarbraut 17
Bæjarflöt 13
Skemmuvegi 16
Kalmansvöllum 3
Suðurgötu 9
Hesteyri 2
Garðarsbraut 66
Miðási 2
Grófinni 14a

15% afsláttur

af rafgeymum.

Bókaðu tíma.

210 Garðabæ
603 Akureyri
800 Selfossi
260 Reykjanesbæ
112 Reykjavík
200 Kópavogi
300 Akranesi
400 Ísafirði
550 Sauðárkróki
640 Húsavík
700 Egilsstöðum
230 Reykjanesbæ
570 5070
460 4300
480 8000
420 6610
440 8000
440 8000
431 5050
456 4580
455 4570
464 1888
470 5070
421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Þriggja ára ábyrgð
á Toyota rafgeymum

GENGIÐ
19.11.2012

	Bandaríkjadalur	126,66	127,26
	Sterlingspund	201,54	202,52
	Evra	161,67	162,57
	Dönsk króna	21,671	21,797
	Norsk króna	21,917	22,047
	Sænsk króna	18,7	18,81
	Japanskt jen	1,5592	1,5684
	SDR	193,14	194,3

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,0496

Gjafabréf á flugmiða:
Vissi ekki að peningarnir kæmu frá Eir

STJÓRNSÝSLA Jóhannes Rúnar Jóhannsson hæstaréttarlögmaður, tengdasonur Sigurðar Helga Guð-



JÓHANNES RÚNAR JÓHANSSON

mundssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóri Eirar, stóð í þeirri trú að gjafabréf á flugmiða sem Sigurður afhenti honum væri persónuleg gjöf frá tengdaföður hans. Sigurður segir í bréfi til stjórnar Eirar, þar sem hann lýsir því yfir að hann muni endurgreiða gjafabréfið, að Jóhannes Rúnar hafi að ósekju verið dreginn inn í opinbera umræðu. „Hann hafði aldrei ástæðu til annars en að ætla að gjafabréfið væri frá mér og greitt af mér en ekki með fjármunum úr þróunarsjóði Eirar,“ segir Sigurður.

Jóhannes Rúnar staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið og segist hafa talið bréfið persónulega gjöf.

-óps

HALDIÐ TIL HAGA

Í fréttaskýringu undir fyrirsögninni „Skuggaeygndur Íslands“ í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins kom fram að Landsbankinn ætti 13 prósent beinan eignarhlut í Marel. Hið rétta er að bankinn á 1,34 prósent.

LEIÐRÉTT

Vegna tæknilegra mistaka vantaði prósentumerki í aðsendri grein Karls Sigfússonar, Sighvatur og sjálfhverfa kynslóðin, sem birtist í Fréttablaðinu sl. laugardag. Rétt úgáfa greinarinnar er á www.visir.is. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Alþjóðabankinn lét skoða hvað fjögurra gráða hlýnun hefði í för með sér:

Hitabylgjur, þurrkar og mikil flóð víða

UMHVERFISMÁL Breyti jarðarbúar ekki snarlega um stefnu varðandi losun gróðurhúsalofttegunda má búast við að andrúmsloft jarðar verði að meðaltali fjórum gráðum heitara í lok aldarinnar, eða jafnvel strax eftir hálfa öld eða svo.

Þrátt fyrir að ríki jarðar hafi skuldbundið sig til aðgerða sem ættu að duga til þess að hitinn hækki ekki meira en tvær gráður bendir flest til þess að það takmark muni ekki nást nema hratt verði brugðist við.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Alþjóðabankinn lét gera. Þar er skoðað hvað fjögurra gráðu hlýnun hefði í för með sér: „Fjögurra

gráða hlýrri heimur yrði veröld með fordæmislausum hitabylgjum, alvarlegum þurrkum og miklum flóðum í mörgum heimshlutum,“ segir í skýrslunni, sem heitir Turn the Heat Down eða Skrúfið niður í hitanum.

Þær ófgar í veðurfari sem íbúar víðs vegar á jörðinni hafa kynnst á síðustu árum eru að mati skýrsluhöfundna aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal.

„Sú fjögurra prósent hlýnun sem spáð er má ekki fá að verða að veruleika – það verður að skrúfa niður í hitanum. Einungis alþjóðlegt samstarf í tæka tíð getur komið því til leiðar,“ segir í skýrslunni.



AÐEINS FORSMEKKURINN Hitabylgjan í Rússlandi sumarið 2010 kostaði líklega um 55 þúsund manns lífið. NORDICPHOTOS/IAFP

Ræða lagasetningu vegna lánsveða lífeyrissjóðanna

Mikil kergja er í samskiptum stjórnvalda og lífeyrissjóða. Ríkisstjórnin telur sjóðina ekki hafa uppfyllt loforð um aðkomu að endurreisn og lánaniðurfellingu. Sjóðirnir segjast hafa gert sitt. Rætt er um lagasetningu.

FRÉTTASKÝRING

Um hvað snýst deila ríkis og lífeyrissjóða?


Deilan á milli lífeyrissjóðanna og stjórnvalda um aðkomu sjóðanna að sértækum aðgerðum fyrir skuldara og fjárfestingum í kjölfar hrunsins hefur siglt í strand. Ríkisstjórnin ræðir málið á fundi sínum í dag, en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að innan stjórnkerfisins séu nú allar leiðir skoðaðar; þar með talið að setja lög á sjóðina.

Upphaf deilunnar má rekja til viljayfirlýsingar ríkisstjórnar, lífeyrissjóða og fjármálastofnana frá desember 2010. Þar var tilkynnt um aðgerðir til að bregðast við skuldavanda heimilanna og sagt að heildarumfangið yrði yfir 100 milljarðar króna.

Viðræður um hvernig aðkomu lífeyrissjóðanna yrði háttáð sigldu hins vegar í strand. Sjóðirnir sögðust ekki geta, vegna laga, fellt niður innheimtanlegar kröfur og væri því óheimilt að koma að skuldaaflögun. Þá fóru í gang viðræður um þátttöku lífeyrissjóðanna í ýmsum verkefnum, en lítið hefur orðið úr þeim.

Arnar Sigurmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Landsamtaka lífeyrissjóða, hefur tekið þátt í viðræðunum fyrir þeirra hönd. Hann segir að þegar samið var við fjármálaráðuneytið 8. febrúar, um þátttöku í gjaldeyrisútboði, hafi sjóðirnir lítið svo á að þeir hefðu uppfyllt sitt. Fella ætti sérstakan skatt á lífeyrissjóðina, sem skila átti 2,8 milljörðum, niður vegna útboðanna.

Viðræður um aðkomu lífeyrissjóðanna



HÚSNÆÐI Mikið af lánunum lífeyrissjóðanna er með lánsveðum í annarra eignum. Viðræður við ríkisstjórnina um lausn á deilunni hafa engu skilað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það lá fyrir að helmingurinn af upphæðinni var strax í gjaldeyrisútboði viku síðar, eða 15. febrúar, það voru yfir 100 milljónir evra. Búið var að reikna út hagnað ríkisins af þeim viðskiptum og bara þau viðskipti áttu að duga til að klára annað árið,“ segir hann, og vísar þar til 2,8 milljarða sem útboðið átti að skila í ríkissjóð.


Í ljós hafi hins vegar komið að hagnaður ríkisins var mun lægri en reiknað hafi verið með. Þau mistök séu ekki sjóðunum að kenna og því sé fráleitt að standa ekki við samkomulagið um að fella skattinn niður bæði árin.

Arnar segir að í viljayfirlýsingu frá 2010 sé kveðið á um að lífeyrissjóðirnir taki þátt í fjármögnun. Reynt hafi verið að finna leiðir til þess, en það ekki tekist.

kolbeinn@frettabladid.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 20°	Billund 8°	Gautaborg 7°	London 14°	Orlando 23°	San Francisco 17°
Basel 13°	Frankfurt 8°	Kaupmannahöfn 7°	Mallorca 20°	Oslo 9°	Stokkhólmur 6°
Berlín 7°	Friedrichshafen 10°	Las Palmas 21°	New York 10°	París 11°	

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

PRÍÐJUDAG & MIÐVIKUDAG

48 TÍMA OFURTILBOÐ

GLERKANNA
MALAR ÍS

TRÍSTAR
BL-4430 Blandari
Gerðu alla þína heilsudrykki, boost og próteinhristinga í þessum öflugra 500W stálblendara með glerkönnu. Malar ís léttilega. Hraðastillir. Auðveldur í þrifum og notkun. Áður kr. 9.990

Verð þriðju- og miðvikudag kr.

6.490

35% AFSLÁTTUR

Rafha

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

Augljós lykilfjármögnun



Dr. Med. Jóhannes Kári Kristinsson
Sérfræðingur í hornhimnulækningum
og sjónlagslækningum með laser

Til hamingju Augljós – með nýja laserbúnaðinn

Það er okkur hjá Lykli heiður að koma að fjármögnun á nýjum og fullkomnum laserbúnaði fyrir augnaðgerðir, sem augnlæknastöðin Augljós hefur tekið í notkun. Við sérhæfum okkur í vandaðri ráðgjöf og alhliða fjármögnun atvinnutækja. Lykill – opnar á möguleika.

VEISTU SVARID?



1. Hver var vígður sem páfi koptísku kirkjunnar í Egyptalandi á sunnudag?
2. Við hvaða kirkju stendur Þorlákshúsið?
3. Hvað heitir ný bók Óttars M. Norðfjörð?

SVÖR

1. Tawandros II 2. Skálhótskirkja 3. Una

Framtakssjóðurinn selur hlut sinn í tvískiptu útboði í byrjun desember:
50 til 60% í Vodafone boðin út

VIÐSKIPTI Hlutafé í Fjarskiptum hf., Vodafone, verður boðið út í tveimur hlutum í byrjun desember. Framtakssjóður Íslands selur 50 til 60 prósent hlut sinn í Vodafone í útboðinu.

Lokaði hluti útboðsins fer fram þann 3. desember og verða 134.258.080 hlutir boðnir til sölu þá, eða sem svarar til um fjóru-tíu prósent af útgefna hlutafé. Verðbilið verður 28,8 krónur til 33,3 krónur á hlut og mun niðurstaða útboðsins ákvarða gengið í almenna útboðinu.

Almennur hluti útboðsins fer fram frá 4. til 6. desember og þá verða 33.564.520 hlutir, eða um tíu prósent hlutafjár, boðnir út. Ef næg eftirspurn verður munu tíu prósent til viðbótar verða í boði og verður þeim ráðstafað á milli opna og lokaða hluta útboðsins eins og best samræmist markmiði Framtakssjóðsins um dreift eignarhald.

Forstjóri og framkvæmdastjóri Vodafone munu geta öðlast tilkall til kaupakgreiðslu á grundvelli ráðningarsamninga

→ Útboðsverð

Verðbilið á hlut í Vodafone í lokaða útboðinu verður

28,8 til 33,3 krónur á hlut

sinna. Réttur þeirra er tengdur því hversu vel tekst að halda áætlan um rekstrarhagnað fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta. Ef frávik verða neikvæð fellur rétturinn niður.

Parf að borga milljón:
Ritstjóri dæmdur til sektar

DÓMSMÁL Björgvin Guðmundsson, ritstjóri Viðskiptablaðsins, var í gær dæmdur til að greiða Péttri Gunnlaugssyni, útvarpsmanni á Útvarpi Sögu, 300 þúsund krónur í bætur og 700 þúsund í málskostnað.

Pétur höfðaði mál í héraðsdómi Reykjavíkur vegna ummæla sem birtust ómerkt í blaðinu og á vef þess. Þar var því var haldið fram að hann hefði beitt Björn Val Gíslason þingmann ofbeldi í beinni útsendingu.

Hörð átök brutust út milli borgara og lögreglu í Kína:
Mótmæla spillingu yfirvalda

KÍNA Átök brutust út milli borgara og lögreglu í borginni Fuan í Fujian-héraði í Kína í gær. Ástæðan að baki átökunum er óljós.

Lögreglan segir lítinn hóp fólks hafa átt upptökin að átökunum en íbúar Fuan halda því fram að þeir hafi verið að mótmæla seinagangi lögreglu og sjúkraliða til að koma slösuðu fólki til aðstoðar eftir árekstur.

Mannréttindasamtök í Hong Kong halda því aftur á móti fram að íbúar Fuan hafi verið að mótmæla spillingu stjórnvalda. Átök sem þessi hafa átt sér stað víðar í Kína á undanförunum mánuðum.

SALOMON

Allt frá fjöru til fjalla

Islensku
ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 // 108 Reykjavík // Sími 534 2727 // www.alparnir.is



FULLUR SALUR Lögreglumenn leiddu Börk inn í dómshúsið. Þar sátu nú verjendur, þrjú dómarmenn, saksóknari og aðstoðarmaður hans, réttargæslumaður brotþola, fimm fjölmiðlamenn, nokkrir lögregluþjónar og fleiri gestir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umstang án fordæma
hjá Annþóri og Berki

Aðalmeðferð er hafin í þrjúþættu líkamsárásarmáli Annþórs Karlssonar, Barkar Birgissonar og sjö annarra. Lögregla var við öllu búin í Héraðsdómi Reykjaness.

DÓMSMÁL Fáheyrður viðbúnaður var í Héraðsdómi Reykjaness í gærmorgun þegar aðalmeðferð hófst í líkamsárásarmáli á hendur Annþóri Kristjáni Karlssyni, Berki Birgissyni og sjö öðrum mönnum.

Í dómhúsinu eru þrjú salir, en aðeins einn þeirra var nýttur í réttarhöldin í gær. Hinir stóðu auðir og þar voru Annþór og Börkur vistaðir undir eftirliti lögreglumanna fyrir réttarhöldin, í hléum og þegar þeir þurftu að víkja frá. Einn reyndasti dómvörður landsins var fenginn að láni úr Héraðsdómi Reykjavíkur, dómstjóri vísaði mönnum til sætis og hvorki meira né minna en þrettán einkennisklæddir lögreglumenn gættu þess að allt færi fram með friði og spekt.

Ástæðan fyrir umstanginu er sú að Annþór og Börkur hafa stundum látið ófriðlega þegar þeir hafa verið fluttir til réttarhalds undanförunum misseri, barist um á hæl og hnakka, og Börkur fékk nýverið dóm fyrir að hrækja á dómara við Héraðsdóm Reykjaness.

13 lögreglumenn voru í dómshúsinu til að tryggja að ekkert færi úr böndunum

kastaði upp. Börkur kenndi sér meins í baki þegar réttarhöldin hófust og kvartaði undan harðræði lögreglu. Hann bað um að fá að komast undir læknishendur en því var tekið fálega. Hann kvað verkina svo slæma að hann gæti ekki setið, og stóð því uppréttur við hlið verjenda.

Annþór, Börkur og hinir sakborningarnir sjö eru ákærðir fyrir þrjú hrottafengnar líkamsárásir. Annþór kemur við sögu sem aðalmaður í þremur ákærulíðanna, en Börkur í tveimur. Teknar voru skýrslur af öllum sakborningunum nú í gær, og í dag verður haldið áfram með skýrslutökum, nú yfir þolendum og öðrum vitnum.

Fyrstur í vitnastúku verður aðalfórnarlambið úr fyrsta árásmálinu, Bergur Már Ágústsson. Bergur er brotamaður með tuttugu dómum á bakinu. Hann skaut árið 2006 úr haglabysu á hús í Vallahverfinu í Hafnarfirði og játaði nýlega innflutning á tæplega eitt þúsund e-töflum.

stigur@frettabladid.is



BÖRKUR Í VITNASTÚKU Börkur haldi að vanda andlit sitt á leið inn til réttarhaldanna. Teiknarinn Halldór Baldursson dró upp þessa mynd af honum í vitnastúkunninni í gær.

Bannað að segja fréttir

Fjölskipaður dómurinn féllst á kröfu saksóknarans Karls Inga Vilbergssonar um að fréttaflutningur af því sem kæmi fram í réttarhöldunum yrði bannaður þar til öllum skýrslutökum yrði lokið. Það gæti orðið á morgun, en mun teffast fram á miðvikudag hið minnsta gangi ekki allt að óskum.

Ákvörðunin byggir á 11. grein sakamálagalaga, þar sem segir að „þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði getur dómari bannað að skýrt verði frá því sem gerist þar ef ætla má að frásögn geti leitt til sakarspjalla eða valdið vandamönnum sakbornings, brotþola eða öðrum sem ekki eru fyrir sökum hafðir þjáningum eða verulegum óþægindum“.

Það var mat saksóknara og dómara að það gæti spillt fyrir málinu ef sakborningar og vitni gætu lesið fréttir hvert af annars vitnisburði. Ekki er vitað til þess að þessu ákvæði hafi verið beitt áður.

Verjendur sakborninga mótmæltu þessari ákvörðun dómsins og töldu að hún væri í ósamræmi við almennar réttarfarsvenjur.

**EINSTÖK
TILBOÐ!**



Audi Q7 3,0TDi
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 91.000 km, skálfskiptur

Ásett verð:
7.490.000,-

GLÆSILEGT ÚRVAL AF NÝLEGGUM GÆÐABÍLUM

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



VW Passat Comfort
2,0TDi, Árgerð 2008, dísel
Ekinn 147.300 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.450.00,-
Tilboðsverð:
1.990.000,-



MM Lancer Intense 1,8
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 51.000, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.490.00,-
Tilboðsverð:
2.200.000,-



Audi Q7 4,2
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 77.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 6.390.00,-
Tilboðsverð:
5.790.000,-



Nissan X-Trail SE
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.290.00,-
Tilboðsverð:
2.790.000,-



Á AKUREYRI

Toyota Corolla
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 89.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.790.00,-
Tilboðsverð:
1.590.000,-



VW Touareg v8
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.450.00,-
Tilboðsverð:
2.990.000,-



Toyota Land Cruiser 120 LX
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 123.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.990.00,-
Tilboðsverð:
3.990.000,-



Subaru Impreza
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 63.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.990.00,-
Tilboðsverð:
2.590.000,-




MM Pajero GLS 3.5
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 110.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.590.00,-
Tilboðsverð:
1.990.000,-



VW Jetta Comfortline
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 74.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.290.00,-
Tilboðsverð:
1.990.000,-



MM Pajero 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
9.390.000,-



Audi A4 2,0TDi 6 gíra
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 38.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
4.690.000,-

 **NOTAÐIR
BÍLAR**

Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

Opinn kynningarfundur:

Áskoranir og sóknarfæri á norðurslóðum

22. nóvember í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík kl. 14-16.

Utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Íslandsstofa bjóða til opins fundar um áskoranir og sóknarfæri er tengjast auknum efnahagssumsvifum á norðurslóðum.

Miðað við núverandi þróun má gera ráð fyrir að fjárfestingar á norðurslóðum geti numið allt að 100 milljörðum dollara á næstu tíu árum, m.a. vegna olíu- og gasframleiðslu, nýtingar náttúruauðlinda, uppbyggingar samgönguinnviða, ferðapjónustu og fjarskiptatækni. Svæðið býr yfir ýmsum áskorunum og hefur Ísland og íslenskt atvinnulíf reynslu, þekkingu og getu til að nýta sér þau fjölmörgu sóknarfæri sem framundan eru.

Setning

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

Frummælendur

Charles Emmerson, sérfræðingur í málefnum norðurslóða hjá Chatham House London og höfundur nýlegrar skýrslu Loyds of London, Arctic Opening: Opportunity and Risk in the High North.

Felix Tschudi, eigandi og stjórnarformaður Tschudi skipafélagsins sem vinnur að því að þróa siglingar um Norður-Íshafið.

Tryggvi Jónsson, framkvæmdastjóri mannvirkja hjá Mannviti.

Ágúst Ágústsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna, stjórnarformaður Cruise Iceland.

Samantekt

Svana Helena Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.

Fundarstjóri

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu.



Aðgangur er ókeypis en fólk er vinsamlegast beðið að skrá þátttöku á islandsstofa@islandsstofa.is eða í síma 511 4000. Athugið að fundurinn fer fram á ensku.



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



DALSKÓLI Skólinn er annar tveggja í borginni þar sem leik- og grunnskólar eru samþættir.

Gætu byrjað 5 ára í skóla

Því hefur verið velt upp að hleypa börnum inn í grunnskóla, eftir því hvenær þau eru fædd á árinu. Of mikið horft á hópa en ekki einstaklinga, segir sviðsstjóri.

SAMFÉLAGSMÁL „Það er kannski í of miklum mæli verið að horfa á hópinn en ekki einstaklinginn,“ segir Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavíkurborgar, um þroskamun á börnum eftir því hvenær á árinu þau eru fædd.

Fréttablaðið greindi í gær frá rannsókn Helgu Zoëga, lektors í lýðheilsuvísindum við

HÍ og nýdoktors í faraldsfræðirannsóknnum á Mount Sinai-sjúkrahúsinu í New York. Rannsóknin leiðir í ljós að yngsti þriðjungur bekkjar sé 50 prósentum líklegri til að fá ávísad lyfjum við ofvirkni og athyglisbrest en elsti þriðjungurinn.

Ragnar segir mál af þessu

tagi ekki hafa verið rannsókuð sérstaklega hjá borginni. Aðspurður segir hann ekki hafa verið skoðað að hleypa börnum inn í skóla á mismunandi tímum eftir því hvenær þau eru fædd á árinu. „Þetta hefur ekki verið gert hér á landi svo ég viti, en það er ekki loku fyrir það skotið að við þrófum slíkt. Við erum með tvo skóla í borginni sem eru samþættir leik- og grunnskólar. Hugsunin er sú að þessi skil milli leik- og grunnskóla verði miklu samfelldari og mýkri, þannig að ef barn er þroskað við fimm eða fimm og hálfis ár aldur gæti það farið inn í grunnskólann.“

Ragnar segir að rætt hafi verið að setja fræðsluskyldu á fimm ára börn. „Það þýðir að skólakerfið býður þeim til grunnskólanáms en krefst þess ekki, þar sem þau eru ekki skólaskyld. Það hefur ekki enn verið gerð tilraun með þetta en þetta er mjög spennandi.“

thorunn@frettabladid.is

Betri og öflugri lausafjárstýring

Veltubríf fjárfestir að mestu í innlánnum bankanna, hámark 20% í hverjum banka fyrir sig og í bréfum sem gefin eru út af íslenska ríkinu. Í krafti stærðar fær sjóðurinn betri kjör á innlánnum.

Veltubríf - Lausafjárstýring sem skilar betri ávöxtun

» **Betri kjör á innlánamarkaði**

» Enginn munur á kaup- og sölugengi

» **Alltaf laus með dags fyrirvara**

» **Skattalegt hagræði**

Fyrirvari: Veltubríf eru verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsbréf hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á landsbankinn.is eða á landsbref.is.

Velkomin í næsta útibú eða hringdu í okkur í síma 410 4000.



LANDSBRÉF



Jólagjafabréf

„þú færð meira fyrir peninginn!“



Þú greiðir ákveðna upphæð en færð hærra andvirði í ferð!



Tilboðinu lýkur **24. desember**

SÓL - BORG - SÉRFERÐIR - SKÍÐI - GOLF - ENSKI BOLTINN - ÚRVALSFÓLK

ÚRVAL-ÚTSÝN 

HEIMURINN



Uppreisnarmenn lýsa yfir vopnahléi

1 Uppreisnarmenn frá Kólumbíu lýstu yfir einhliða vopnahléi í gær, þegar friðarviðræður við fulltrúa Kólumbíustjórnar héldu áfram á Kúbu, mánuði eftir að þær hófust formlega í Ósló.

Ivan Marquez, aðalsamningamaður FARC-skæruliðasveitanna, sagði að til 20. janúar yrði öllum skemmdarverkum og hernaði í Kólumbíu hætt.

FARC-sveitirnar hafa átt í stríði við stjórnarherinn í Kólumbíu í nærri hálfa öld. Fyrri tilraunir til að semja um frið hafa allar farið út um þúfur.

Fyrstur til Búrma og Kambódíu

2 Barack Obama Bandaríkjaforseti hélt til Kambódíu í gær á leiðtogafund samtaka Austur-Asúríkja, nýkominn úr opinberri heimsókn til Búrma.

Þar með varð hann fyrstur allra Bandaríkjaforseta til að heimsækja bæði þessi lönd. Í Búrma flyktist fólk út á götu til að fagna honum, en í Kambódíu mátti sjá litlar þyrpingar fólks safnast saman við götuhorn meðan bílalest forsetans ók hjá.

Báðir lýstu yfir sigri

3 François Fillon, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, og flokksbróðir hans Jean-François Copé, lýstu báðir yfir sigri að loknu formanskjöri í UMP, franska íhaldsflokknum.

Formanskjörið var haldið á sunnudag en í gær var allt í uppnámi meðan verið var að ljúka endurtalningu í öllum kjördeildum og atkvæði yfirfarin.

Aðalfundur Vina Þórsmerkur haldinn í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni miðvikudag 28. nóv 2012 kl. 20:00

Á dagskrá fundarins verða hefðbundin aðalfundarstörf, auk þess að fjallað verður um útbreiðslu birkiskóga á Þórsmerkursvæðinu, lúpínu á Þórsmerkursvæðinu, göngubru þyrpingar Markarfljót og stígaviðhald, auk skipulagsmála.

Stjórnin



FJÖLSKYLDA BORIN TIL GRAFAR Íbúar í Gasaborg bera til grafar fjögur börn og fleira fólk úr sömu fjölskyldunni, sem lét lífið í loftárás á heimili hennar á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hamas setur skilyrði

Loftárásir Ísraels á Gasa höfðu kostað nærri 100 manns lífið seint í gær. Um helmingur þeirra almennir borgarar. Milljónir árása gerðar á ísraelskar netsíður.

ÍSRAEL Seint í gær höfðu loftárásir Ísraels á Gasasvæðið síðan á miðvikudag kostað nærri hundrað manns lífið. Um 50 þeirra voru almennir borgarar, þar á meðal tugir barna.

Egyptar hafa reynt að miðla málum í von um að Ísraelsmenn og Palestínnumenn fallist á vopnahlé. Litlar líkur virðast þó á að það takist.

Ísraelar setja það skilyrði að Palestínnumenn hætti að skjóta flugskeytum yfir til Ísraels, en Hamas-samtökin á Gasasvæðinu settu á móti það skilyrði að Ísraelar afléttu hernámi sínu á Gasa-strönd.

Ísraelsher segir að undanfarna fimm daga hafi nærri 900

Ísraelar einhuga

84%

Ísraela styðja hernaðinn á Gasa.

12%

Ísraela eru á móti hernaðinum á Gasa.

30%

Ísraela eru hlynntir því að landherinn ráðist inn á Gasa.

Samkvæmt skoðanakönnun, sem birt var í ísraelska dagblaðinu Haaretz í gær.

sprengjuflugum verið skotið frá Gasa yfir landamærin til Ísraels. Eldflugavarnarkerfi Ísraels hafi stöðvað rúmlega 300 þeirra.

Í gær hófust einnig árásir tölvuþrjóta víða um heim á ísraelskar netsíður, eftir að samtökin Anonymous hvöttu til slíkra árása.

Alls töldu ísraelskir embættismenn að árásirnar skiptu tugum milljóna og afleiðingarnar voru þær að hundruð ísraelskra vefsíðna lágu niðri.

„Þetta er fordæmalaus árás,“ hafði franska fréttastofan AFP eftir Yuval Steinitz, fjármálaráðherra Ísraels. gudsteinn@frettabladid.is

NÝSKÖPUNARNÁMSKEIÐ FYRIR FÓLK MEÐ HUGMYNDIR

Arion banki og Nýsköpunarmiðstöð Íslands standa fyrir nýsköpunarnámskeiði í Borgartúni 19, miðvikudaginn 21. nóvember kl. 17.00–19.30.

- Nýsköpunarferlið og viðfangsefni frumkvöðla
- Viðskiptahugmyndin og vinna tengd henni
- Frumkvöðlar og nýsköpun

Léttar veitingar í boði. Allir velkomnir.

Skráning á arionbanki.is

 Arion banki

BÍLAR

Í MÁLI OG MYNDUM

Sannkölluð
skemmtireisa
í gegnum
bílasöguna



JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



BÍLAR
Í MÁLI OG MYNDUM

„Fullkomin gjöf
handa bíla-
áhugamönnum
á öllum aldri.“
CLASSIC CAR

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Stöðva verður blóðbaðið á Gaza-strönd:

Ójafn leikur

Enn og aftur hefur Ísrael misboðið heimsbyggðinni með yfirgangi sínum gagnvart Palestínunömmum. Sú samúð sem málstaður Ísraelsríkis naut einu sinni víðast hvar á Vesturlöndum er á hröðu undanhaldi.

Undantekningin er viðbrögð í Bandaríkjunum, sem ævinlega standa við bakið á stjórnvöldum í Ísrael. Obama Bandaríkjaforseti hefur sagt að Ísrael hafi rétt til að verja sig gegn árásum herskára Palestínumanna, þótt hann hvetji einnig ísraelsk stjórnvöld til að ganga ekki of langt gagnvart Palestínunömmum og forðast að ráðast á almenna borgara.

Það er rétt eins langt og það nær að Ísrael á rétt á að verjast hryðjuverkaárásum öfgahópa á Gaza. Það er fremur lélegum vopnum vígamanna og góðum vörnum Ísraels að þakka að fáir hafa fallið í árásunum en að hryðjuverkahóparnir reyni að komast hjá því að hæfa heimili almennra borgara í Ísrael.

Það er líka rétt að Hamas-hreyfingin, sem fer með völdin á Gaza, hefur beint og óbeint stutt eldflaugaárásirnar á almenn- ing í Ísrael og þannig gefið stjórnvöldum þar afsökun til að svara með valdbeitingu. Framganga leiðtoga Hamas hefur raunar ekki verið málstað Palestínumanna til framdráttar nema síður sé.

Viðbrögð Ísraelsmanna eru hins vegar úr öllu hlutfalli við ógnina sem að þeim steðjar. Leikurinn er gríðarlega ójafn; einum öflugasta og tæknivæddasta her í heimi er beitt gegn illa skipulögðum og vopnuðum vígamönnum. Verst af öllu eru drápin á saklausum borgurum, sem eru helmingur fallinna á Gaza í þessari síðustu árásarhrinu, að ótöldu því tjóni sem verður á eignum, umhverfi og lífsviðurværi fólksins á Gaza sem bjó við þröngan kost fyrir.

Engar einfaldar lausnir eru á yfirgengilega flóknum deilum Ísraels og Palestínumanna. Oft hefur samkomulag um frið og almenna viðurkenningu sjálfstæðs palestínsks ríkis virzt innan seilingar en herská öfl á báða bóga spilla ævinlega friðar- vonum.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra benti réttilega á það á mótmælafundi við bandaríska sendiráðið í Reykjavík í gær að í krafti öflugstu stuðnings síns við Ísrael væru Bandaríkjamenn í stakk búnir að grípa í taumana og útskýra fyrir bandamönnum sínum að svona gætu þeir ekki komið fram. En bandamenn Hamas verða líka að útskýra fyrir samtökunum að það sé tóm mál að tala um sjálfstætt palestínskt ríki nema öryggi Ísraels sé um leið tryggt. Báðir þurfa að gefa eftir ef einhver lausn á að finnast.

Íslensk stjórnvöld eiga að mótmæla framferði Ísraels harð- lega. Tal um að Ísland eigi að slíta stjórnmalasambandi við Ísrael er hins vegar út í hött. Við höfum ekki slitið stjórnála- sambandi við einræðisríki sem beita nágranna sína eða eigin þegna ofbeldi.

Ísrael er þrátt fyrir allt lýðræðisríki, sem hægt er að eiga við samræður og samskipti. Þær leiðir á Ísland að nota til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, auk þess að taka þátt í því með öðrum ríkjum á alþjóðlegum vettvangi að setja þrýsting á Ísrael að stöðva blóðbaðið á Gaza.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


... fær hárin til að rísa

Heimsókn á heimili fröken Peregrine fyrir sérkennileg börn fær hárin til að rísa á höfði söguhetjunnar ... og lesandans.



Höfundurinn, Ransom Riggs,
áritar bók sína í dag:
Í Eymundsson, Suður Kringlu
frá kl. 16

Í Nexus, Hverfisgötu 103
frá kl. 18 -19



Salka
Skiptihóli 50c • 105 Reykjavík • salka.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Læknaflokkurinn

Almenn deyfð virðist vera yfir stjórnárum um þessar mundir. Þrátt fyrir að flokkar séu hver um annan þveran að velja á framboðs- lista sína virðist það ekki skila sér í áhuga fólks. Nema kannski í Suðvesturkjördæmi. Þar hefur félögum í VG fjölgað um 300, sem er umtalsvert þegar haft er í huga að þeir voru 900 fyrir. Þá má hafa í huga að um 740 greiddu atkvæði í síðasta forvali, þannig að 300 er ansi há tala. Hermt er að stór hluti nýrra félaga komi inn til að kjósa Ólaf Pór Gunnarsson, bæjarfull- trúa í Kópavogi

og varabingmann. Ólafur er læknir og sagan segir að kollegar hans hafi gengið tugum saman í flokkinn. VG er því orðinn sannkallaður lækna- flokkur.

Afdrifarikt forval?

Ólafur og Ögmundur Jónasson vilja báðir fyrsta sætið í Kraganum. Sé Ólafur búinn að fylla flokkinn af stuðningsmönnum sínum gæti farið svo að innanríkis- ráðherrann yrði undir í slagnum. Verði það raunin er spurning hver viðbrögð Ögmundar verða. Mun hann ljá

flokknum og stjórnarsamstarfinu krafta sína áfram?

Óvissan um Jón

Spekúleringar í viðtengingarhætti geta leitt mann í ógöngur. Ef þetta gerist gerist hitt og fyrir en varir er búið að byggja stórkostlega sviðs- mynd á nokkrum ef-um. Það er þó umhugsunarefni að helsti bandamaður Ögmundar á þingi, Jón Bjarnason, virðist ætla að bíða úrslita úr forvöldum VG áður en hann tekur ákvörðun um eigin framtíð. Kannski prófkjörið í Kraganum ráði einhverju þar um, svo enn einu ef-inu sé hent í pottinn.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Gelding grísa án deyfingar loks færð í lög

DÝRAVERND



Guðný Nielsen
iðnaðar-
verkfræðingur

Á undanförunum árum hafa íslensk svínabú legið undir ámæli fyrir það verklag að grísir eru geltir án deyfingar. Neytendur virtust áður almennt ómeð- vitaðir um að þetta færi fram héraendis, enda alla jafna talið að gætt sé að vel- ferð dýra í íslenskum landbúnaði.

Frumvarp til laga um velferð dýra var lagt fram á Alþingi 25. október síðastlið- inn og gekk það samdægurs til atvinnu- veganeftar. Drög að frumvarpinu eru heldur eldri og fólu þau í sér skýrt bann við geldingu dýra án deyfingar. Nú hefur þrýstingur hagsmunahópa náð að knýja fram breytingar og gerir núverandi frumvarp ráð fyrir heimild til geld- ingar grísa, yngri en vikugamalla, án deyfingar. Frumvarpið gerir ráð fyrir verkjastillandi lyfjagjöf, en gelding er sársaukafull aðgerð og lyfjagjöf ein og sér kemur aldrei í stað fyrir deyfingu.

Í núgildandi lögum um dýravernd er kveðið á um að dýr skuli ávallt deyfð eða svæfð við sársaukafulla aðgerð. Hins vegar hefur undanþága í reglu- gerð um aðbúnað og heilbrigði svína hingað til gert svínaræktendum kleift að gelda grísi, yngri en sjö daga gamla,

→ Nú hefur þrýstingur hagsmuna- hópa náð að knýja fram breytin- gar og gerir núverandi frumvarp ráð fyrir heimild til geldingar grísa, yngri en vikugamalla, án deyfingar.

án deyfingar. Þetta er gert til hagræð- ingar fyrir eigendur svínabúa því það er kostnaðarsamt að kalla til dýralækni til þess að framkvæma deyfingu á hund- uðum grísa. Grísirnir þjást við geld- ingu hvort sem þeir eru þriggja, sjö eða fimmtán daga gamlir.

Verði framangreint frumvarp um vel- ferð dýra að lögum verður heimildin til að framkvæma þessa sársaukafullu aðgerð án allrar deyfingar loks færð í lög. Með því yrði stigið stórt skref aftur á bak í velferðarmálum dýra. Það er með öllu ótækt að þetta skuli heim- ilað með lögum sem tryggja eiga velferð dýra á Íslandi.

Ég skora á atvinnuveganeftnd að sjá til þess að svo verði ekki.

Sveppasýkt húsnæði

HEILSA

Teitur Guðmundsson læknir



Við höfum orðið vör við fréttáflutning af einstaklingum og heilu fjölskyldunum sem búa í húsum þar sem myglusveppur ræður ríkjum, veikir ónæmiskerfi þeirra og veldur hinum ýmsu einkennum, allt frá slappleika til þess að gera íbúa óstarfhæfa sökum veikinda. Nýlega var sagt frá slíku á Egilsstöðum, þar sem hefur komið í ljós að nokkur fjöldi nýlegra húsa þar og íbúar þeirra glíma við slíkt vandamál. Þá hafa komið upp dæmi víðar, jafnt í íbúðar- sem og vinnuhúsnæði.

Mismikil áhrif

Mikilvægt er að átta sig á því að myglusveppir eru af margvíslegum toga og hafa mismikil áhrif á einstaklinga. Einkennum þeim sem oftast er lýst svipar til ofnæmis og líklega er líkamsveiki einnig að bregðast við sveppagróm og eiturfnum þeirra á svipaðan hátt og hann gerir gagnvart frjókornum svo dæmi sé tekið. Viðkomandi kvartar um nefstíflur, hálssærindi, astmaeinkenni og hósta en einnig hefur verið lýst útbrotum og húðvandamálum. Vafalaust eru mun fleiri einkenni sem koma fram og þar sem þau geta verið ógreinileg er oft sinnis öðru kennt um sem orsök fyrir slappleika, orkuleysi og höfuðverk og fleira þess háttar

sem mögulegt er að hljóttist af útsetningu fyrir sveppagróm.

Raki meginorsökin

Þegar við veltum fyrir okkur hvað það er sem veldur því að myglusveppur sest að ber fyrst að telja raka sem meginorsökina og því er afar mikilvægt að hindra raka-myndun, passa vel upp á loftun rýma og þrifa vel og þurrka þau svæði þar sem raki myndast. Þá geta sveppir vaxið á nánast hvaða yfirborði sem er og í sumum tilfellum þarf að skipta út þeim efnum sem hafa sýkst, eins og teppum, timbri, pappír, lagnaefni og einangrun.

Það liggur í hlutarins eðli að sveppagróm eru allt í kringum okkur, bæði innandyra sem utan, og er mögulegt að mæla þéttni og fjölda með ýmsum rannsóknaraðferðum sem gagnast við uppvinnslu mála þar sem grunur leikur á heilsuspillandi aðstæðum.

Mælingar í samhengi

Mikilvægt er að setja mælingar í samhengi við árstíðir og bera saman magnmælingu milli svæða, sem og að bera saman við magn utandyra. Þarna liggur líka vandamálið við greiningu, þar sem ekki er hægt að skilgreina nema að litlu leyti þau mörk mismunandi sveppagróa sem eru talin þolanleg. Þá er ekki tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta sem geta verið margbreytilegir til viðbótar. Það skiptir einnig máli hvort notaðir eru evrópskir mælikvarðar eða amerískir, sem gerir þetta enn erfiðara viðfangs, en alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um loftgæði innandyra sem gefa

Vinnuveitendur bera ábyrgð á að ekki séu heilsuspillandi aðstæður á vinnustað og að brugðist sé við þeim á viðunandi hátt. Þá þurfa einstaklingar að huga að því hvort mygla leynist á heimili þeirra finni þeir fyrir einkennum...

okkur ágætis innsýn í vandaamálið.

Við þekkjum öll einstaklinga sem þjást af ofnæmi og við vitum að ekki eru allir með sömu tegund; sumir bregðast við dýrahárum, aðrir við frjókornum og þá er styrkur eða alvarleiki einkenna mismunandi og meðhöndlunarþörfin einnig. Hið sama á við þegar einstaklingar bregðast við myglusvepp, einkennin eru á öllum skalenum og greining getur því verið ansi snúin.

Purfa að vera vel vakandi

Læknar og heilbrigðisstarfsfólk þurfa því að vera vel vakandi og hafa þessa mismunagreiningu í huga og spyrja um umhverfisþætti, húsnæði og vinnustað þegar skjólstæðingar leita til þeirra með þá einkennaflóru sem nefnd er hér að ofan. Vinnuveitendur bera ábyrgð á að ekki séu heilsuspillandi aðstæður á vinnustað og að brugðist sé við þeim á viðunandi hátt. Þá þurfa einstaklingar að huga að því hvort mygla leynist á heimili þeirra, finni þeir fyrir einkennum sem ég hef lýst hér að ofan og ekki finnst skýring á.

Hver býr til jólakonfektid?

Yfirgnæfandi líkur eru á því að neytendur styðji með óbeinum hætti við barnaþrælkun þegar þeir kaupa íslenskt súkkulaði. Þrátt fyrir að barnaþrælkun sé bönnuð með lögum á Fílabeinsströndinni, sem er stærsti útflutningsaðili á kakói í heiminum, þá viðgengst hún þar samt sem áður hjá fjölmörgum kakóframleiðendum. Algengt er að börn séu keypt sem ódyrt vinnuafli frá nágrannalöndum og látin vinna við hættulegar aðstæður; þau úða skordýraeitri án þess að klæðast hlífðarfatnaði og vinna með sveðjum sem þau stórslasa sig á. Börnin þekja ekkert annað en vinnu og fá hvorki tækifæri til að ganga í skóla né njóta samvasta með fjölskyldum sínum.

NEYTENDAMÁL



Puríður Helga Kristjánsdóttir starfsmanna- og verkefnastjóri hjá Norræna húsinu

→ Enn sem komið er býður enginn íslenskur framleiðandi upp á súkkulaði þar sem vottað er að sanngjarnir viðskiptahættir hafi verið við hafðir.

ingaraðilar og súkkulaðiverksmiðjur taki ekki nægjanlega hart á vandnum. Framleiðendur benda á að barnaþrælkun sé flókið og djúpstætt vandamál sem vandi sé að uppræta og að erfitt sé að komast inn í afskekkt héruð í Vestur-Afríku þar sem kakóbaunir eru ræktaðar. Nýleg rannsókn, gerð fyrir bandarísk yfirvöld, bendir til þess að lítil metnaður sé í raun lagður í að ná til kakóbænda og að mesta púðrið fari í fagrar yfirlýsingar og stefnur.

Engin vottun hérlendis

Enn sem komið er býður enginn íslenskur framleiðandi upp á súkkulaði þar sem vottað er að sanngjarnir viðskiptahættir hafi verið við hafðir. Úr því verða íslenskir súkkulaðiunnendur að bæta. Neytendur þurfa að krefjast þess að eiga kost á súkkulaði og kakói þar sem tryggt er að börn hafi ekki unnið við framleiðsluna og að verkafólk hafi fengið mann-sæmandi laun. Við eigum að geta gefið börnunum okkar jólakonfekt og páskaegg sem eru ekki framleiðsla byggð á barnaþrælkun.

Barnaþrælkun verði útrýmt

Árið 2002 tóku kakóframleiðendur og dreifingaraðilar sig saman og stofnuðu samtökin ICI (International Cocoa Initiative) með það markmið að útrýma barnaþrælkun í kakóíðnaðinum fyrir 2005. Það tókst ekki og áætlað UNICEF að um hálf milljón barna vinni enn við framleiðslu á kakói í Vestur-Afríku. ICI hefur ítrekað veitt frest á yfirlýstu markmiði sínu og hefur nú framlengt hann til 2020; þá á að vera búið að útrýma barnaþrælkun í kakóíðnaði. Þau eru s.s. enn ófædd mörg þeirra barna sem munu vinna að kakóframleiðslu við hörmulegan aðbúnað.

Mörgum þykir miða hægt í rétta átt og að framleiðendur, dreif-

HAUSTFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2012
Hilton Reykjavík Nordica 21.11. kl. 14-16




Arður í orku framtíðar

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Á haustfundinum ræðum við framtíðarhorfur, tækifæri og samfélagslegt hlutverk Landsvirkjunar.



- **Framsækni í alþjóðlegri fjármálakreppu**
Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
- **Ráðdeild og sóknarfæri í orkuvinnslu**
Einar Mathiesen, framkvæmdastjóri orkusviðs
- **Traust vinnst með sátt við samfélagið**
Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri
- **Spurningar og umræður**
Fundarstjóri er Magnús Þór Gylfason, yfirmaður samskiptasviðs.

Allir velkomnir
Skráning á www.landsvirkjun.is



Steingrími svarað

Steingrímur J. Sigfússon, fv. fjármálaráðherra, sendir Samtökum atvinnulífsins (SA) kveðju í grein í Fréttablaðinu 17. nóvember sl. Tílefnið er útgáfa rits SA um skattamál sem ber heitið „Ræktun eða rányrkja?“ og hefur vakið verðskuldaða athygli. Í greininni spyr hann hvort SA sé ekki sammála því að ná jöfnuði í ríkisfjármálum sem sé ein af forsendum afnáms gjaldreyrshafna og batnandi lánshæfismats. Jafnframt spyr ráðherrann SA hvort sjálfbláðu ríkisfjármál séu ekki mikilvæg forsenda batnandi lífskjara og að hætta sé á óabyrgum yfirboðum í komandi kosningabaráttu. Öllum spurningunum svarar hann játandi líkt og SA hafa hamrað á allt þetta kjörtímabil. Sá er þó munurinn að SA hafa ekki haft tök á að hafa þau áhrif á þróun ríkisfjármála sem greinarhöfundur hefur haft sem fjármálaráðherra og nú sem atvinnu- og nýsköpunaráðherra.

Varanlegur sparnaður minni

Í áður nefndri skýrslu er lagt tölulegt mat á helstu skattahækkunar frá árinu 2008 og áform um hækkunar í fjárlagafrumvarpi 2013. Niðurstaðan er að varlega áætlað hafi skattahækkunar numið 87 milljörðum króna á áætluðu verðlagi ársins 2013. Samanburður á útgjöldum ríkissjóðs á föstu verðlagi á milli árána 2008 og 2013, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, leiðir í ljós lækun þeirra um 67 milljarða króna á tímabilinu. Þegar nánar er rýnt í niðurskurð útgjalda kemur fram að varanlegur sparnaður er umtalsvert minni en fyrrnefndar tölur bera með sér. Þannig hefur stofn- og viðhaldskostnaður ríkisins lækkað um 30 ma.kr. á verðlagi ársins 2013 (viðhald á vegum, byggingum o.fl.) en varanleg rekstrar- og tilfærsluútgjöld einungis um

SKATTAR



Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri SA

37 ma.kr., eða innan við fjórðung aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum.

Samtök atvinnulífsins stóðu að þeirri markmiðsetningu stöðugleikasáttmálans frá júní 2009 að ná skyldi jafnvægi í ríkisfjármálum með því að skattahækkunar næmu 45 prósentum aðhaldsaðgerða en útgjaldalækkunar 55 prósentum. Ríkisstjórnin hefur ekki staðið við þetta markmið og fyrirhugar í fjárlagafrumvarpi fyrir 2013 að auka beinlínis útgjöld með nýjum sköttum á atvinnulífið. Samtök atvinnulífsins stóðu t.d. að því að hækka atvinnuþyngingagjald til þess að standa undir kostnaðinum af störfellu atvinnuleysi, enda myndi tryggingagjaldið svo lækka með lækkanu útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar atvinnuleysi færi aftur minnkandi. Um þetta hefur verið margsamið og síðast við gerð kjarasamninga í maí 2011. Fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár boðar að þessir samningar verði að engu hafðir og tryggingagjald ekki lækkað eins og til stóð.

Tillögur Samtaka atvinnulífsins um höfsamar og ábyrgar skattalækkunar á atvinnulífið á næstu árum þarf að skoða í því ljósi að skattahækkunar hafa verið langt umfram markmiðið um 45 prósent af aðlögunarþörfinni í ríkisfjármálum og í mörgum tilvikum gengið allt of nærri þeim sem þurfa að standa undir aukinni skattbyrði. Slíkar skattahækkunar skila ekki árangri því að þær rýra skattstofnana og hefta vöxt atvinnulífsins.

Margítrekaðar ábendingar

Tillögur Samtaka atvinnulífsins þarf enn fremur að skoða í samhengi við margítrekaðar ábendingar um nauðsyn aukinna fjárfestinga í atvinnulífinu, en það er langvænlegasta leiðin út úr erfiðleikum. Ríkisstjórnin hefur

→ Samtök atvinnulífsins hafa margoft óskað eftir því að fá að vera með í ráðum um það hvernig haga skuli nauðsynlegum skattabreytingum en afar lítið hefur verið á það hlustað. Ríkisstjórnin hefur þvert á móti notað fyrst og fremst þá aðferð að koma fram með vanhugsaðar og illa unnar tillögur...

klúðrað langflestum tækifærum sem gefist hafa til aukinna fjárfestinga í atvinnulífinu, mest vegna áherslu á hugmyndafræðilega sigra frekar en samstöðu og praktískar lausnir. Auknar fjárfestingar og meiri umsvif í atvinnulífinu eru lykilatriði til þess að skattar skili ásætlanlegum tekjum í ríkissjóð.

Samtök atvinnulífsins hafa margoft óskað eftir því að fá að vera með í ráðum um það hvernig haga skuli nauðsynlegum skattabreytingum en afar lítið hefur verið á þau hlustað. Ríkisstjórnin hefur þvert á móti notað fyrst og fremst þá aðferð að koma fram með vanhugsaðar og illa unnar tillögur sem allt of oft hafa náð fram að ganga en verið atvinnulífinu og samfélaginu öllu til stjórns. Mikil orka hefur farið í að vinda ofan af mesta fúskinu, sem þó hefur ekki tekist nema að litlu leyti.

Ríkisstjórnin stendur því frammi fyrir því að íslensk fyrirtæki telja skattamál vera meðal sinna helstu vandamála. Og það þýðir ekkert fyrir ráðherrann að fara í sérstaka afneitun vegna þess. Miklu árangursríkara væri fyrir hann að taka ábyrgum tillögum Samtaka atvinnulífsins fagnandi og óska eftir samvinnu um að ná þeim fram.

Það er bannað að stíga á strik!

Ég þekki unga dömu sem heldur því fram að ef hún stíga á strik verði hún ekki prinsessa. Strikin eru mörg sem á vegi hennar verða, en með eftirtekt og gætni forðast hún strikin, og verður hún líklega prinsessa að lokum. Það væri óskandi að núverandi stjórnvöld veittu þeim hættulegu strikum sem á vegi þeirra verða sömu eftirtekt og vörðust þau. Við hjá Reitum fasteignafélagsi höfum fylgst með baráttu ferðabjónustunnar við fyrirhugaðar skattahækkunar á gistingu, sem boðaðar eru í fjárlagafrumvarpi ársins 2013. Við teljum málið okkur skylt þar sem mörg af helstu hótel fyrirtækjum landsins eru í viðskiptum við félagið, og með því er vegið að rekstrargrundvelli þeirra.

FERÐA-ÞJÓNUSTA



Guðjón Auðunsson forstjóri Reita fasteignafélags hf.

Aukin svört vinna

Í fyrsta lagi segir sagan okkur að afleiðing mikilla skattahækkana er aukning á svartri atvinnustarfsemi. Það fer ekki fram hjá þeim sem fylgjast með ferðabjónustu í Reykjavík að gríðarleg fjölgun hefur orðið á íbúðum sem leigðar eru til ferðamanna og ljóst að flestar eru leyfislausar og svo virðist sem svört atvinnustarfsemi sé látin viðgangast átölulaust af hálfu stjórnvalda. Svo virðist sem langstærstur hluti þessarar leyfislausu starfsemi sé skipulagður af erlendum bóknarvélum og í mörgum tilfellum kemur greiðslan fyrir gistingu ekki einu sinni til landsins. Undanfarið hefur fjölgun íbúðanna verið mæld í hundruðum á hverju misseri.

Í öðru lagi hefur það vakið athygli mína í umræðu um hækkun virðisaukaskatts á gistingu að stjórnvöld hafa haldið því fram að slíkur rekstur fái meira endur-

→ Svo virðist sem langstærstur hluti þessarar leyfislausu starfsemi sé skipulagður af erlendum bóknarvélum og í mörgum tilfellum kemur greiðslan fyrir gistingu ekki einu sinni til landsins.

greitt en greitt er í útskatt. Fyrrverandi fjármálaráðherra gekk jafnvel svo langt að tala um ríkisstyrkta atvinnugrein. Hægt er að sýna fram á að ef tekið er tillit til þess virðisauka sem verður til í heildarferlinu við að selja ferðamanni gistingu skilar það ferli umtalsverðum virðisaukaskatti í ríkissjóð. Það liggur fyrir að hótél sem leigja hjá fasteignafélögum sbr. Reitum greiða 25,5% virðisaukaskatt af leigu og er honum skilað til ríkisins af fasteignafélaginu eins og lög gera ráð fyrir. Þá á eftir að horfa til þeirrar verðmætisaukningar sem verður í öðrum atvinnugreinum vegna viðskipta við hótel fyrirtæki.

Ekki hlustað á rök

Í þriðja lagi er óskiljanlegt að stjórnvöld skuli ekki hlusta á þau rök rekstraraðila hótélanna að búið sé að gera samninga við ferðaheildsala um stóran hluta næsta árs og því munu hótél þurfa að taka mikinn hluta hækkunarinnar á sig. Stjórnvöld eru hvött til að stíga ekki á strik í þessu máli, en hvort þau verða einhvern tímann að prinsessu skal ósagt látið. Skynsamlegast væri að hætta alfarið við þessi áform og leyfa ferðabjónustunni að dafna og skila sífellt meiru í þjóðarbúið með auknum umsvifum.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA HOLLT

Lambasalat

- MEÐ SOJARISTUÐUM SÓLBLÓMAFRÆJUM

FYRIR 4

- 8 lambalundir
- ½ poki sólblómafræ
- 1 dl sojasósa
- 1 stk paprika
- 2 msk þykkt balsamikedik
- 1 dl ólífuolia
- 1 msk sesamolía
- fersk græn salatblanda

Ristið sólblómafræ á vel heitri pönnu þar til þau eru gyllt, hellið þá sojasósuni yfir og látið malla þar til vökvinn er horfinn. Síðan eru fræin þerruð á pappír.

Setjið olíu á vel heita pönnu, steikið lundirnar 2 mín á hvorri hlið. Látið kjötið hvíla í u.p.b. 3 mín. Hitið síðan í ofni í 2 mín við 180°C og látið svo hvíla aftur í u.p.b. 3 mín.

Skolið salatið og leggið í skál með smátt skorinni papriku. Skerið lambakjötið í þunnar sneiðar og leggið ofan á salatið. Stráið að síðustu ristudu sólblómfræjunum yfir. Sólblómafræin verða þannig kryddið á kjötið.

Blandið balsamikedik, ólífuolíu og sesamolíunni saman í skál og hellið yfir salatið.

Einfalt, hollt og gott á grænu stökku salatbeði - töfrað fram á örskotsstundu.

LAMBAKJOT.IS

Tilboðin gilda **20. - 25.** nóvember

KALKÚNN
FRANSKUR



ÞAKKARGJÖRÐAR KALKÚNNINN
FÆST Í NETTÓ

38% AFSLÁTTUR



985

ÁÐUR **1.589 KR/KG**

nettó
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold
Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

KRONAN

GJAFAKORT KRÓNUNNAR



NYTSAMLEG GJÖF!



EXPO • www.expo.is

Fæst á www.kronan.is

Handhafar framkvæmdarvalds

Skipan framkvæmdarvalds er eitt af grundvallaratriðum í tillögum stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sem þjóðin samþykkti 20. október sl. Samkvæmt þeim (2. gr.) fer forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld með framkvæmdarvaldið. Í 86. gr. segir að ráðherrar séu æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Samrýmist þessi staða ráðherra hlutverkum forseta Íslands, forsætisráðherra og ríkisstjórnar?

Markmið tillagna stjórnlagaráðs er að stjórnarskráin verði skýr, auðskiljanleg og auðlæsileg. Í skýringum ráðsins með tillögum segir: „Í markmiðinu um skýra stjórnarskrá felst að lýsa því fyrirkomulagi sem gildir í reynd og að þeir handhafar opinbers valds sem tilgreindir eru með ákveðin hlutverk í stjórnarskrá fari raunverulega með þau.“

Leppshlutverk forseta

Stjórnlagaráð taldi í skýringum við tillögur um forseta Íslands „að ekki ætti að nefna forseta í einstaka ákvæðum stjórnarskrár nema aðkoma hans væri persónulegs eðlis í samræmi við það markmið að afnema „leppshlutverk forseta“.“ Að telja forseta Íslands í „leppshlutverki“ ber vott um skilningsleysi á núverandi stjórnskipan. Forseti Íslands er í dag hinn formlegi handhafi framkvæmdarvalds. Í tillögnum er eitt af hlutverkum forseta að staðfesta samþykkt frumvörp frá Alþingi og veitir undirskrift hans þeim lagagildi. Forseti fer áfram með málskotsréttinn; getur synjað frumvörpum staðfestingar og skotið þeim til þjóðarinnar. Þessi völd forseta (án þeirra er embættið óþarft) teljast ekki lengur til löggjafarvalds heldur til framkvæmdarvalds. Í skýringum stjórnlagaráðs segir



Eyjólfur Ármannsson
lögfræðingur

ad hlutverk forseta við staðfestingu laga sé bundið við stöðu hans sem æðsta framkvæmdarvaldshafa.

Í dag veitir forseti Íslands stjórnarmyndunarumboð og skipar ráðherra í þingbundna stjórn. Skv. 90. gr. tillagna stjórnlagaráðs kys Alþingi forsætisráðherra að tillögu forseta Íslands, sem að kosningu lokinni skipar forsætisráðherra í embættið. Aðkoma forseta er hér óþörf og gæti orðið til trafala. Ákvæðið kveður einnig á um að forsætisráðherra skipi aðra ráðherra, veiti þeim lausn, ákveði skipan ráðuneyta, tölu ráðherra og skipti með þeim störfum, en skv. tillögnum kemur Alþingi ekki að vali þeirra. Forsætisráðherra hefur og yfirumsjón með störfum ráðherra. Í skýringum stjórnlagaráðs er talað um forsætisráðherra sem „yfirmann framkvæmdarvaldsins“. Augljóst er, þrátt fyrir orð tillagna stjórnlagaráðs um annað, að forsætisráðherra yrði í raun æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins.

Samkvæmt tillögnum mun ríkisstjórn taka ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni. Það samræmist ekki því að einstakir ráðherrar séu æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði.

Ráðherra að eigin vali?

Mun forsætisráðherra í raun skipa ráðherra að eigin vali eða er um formlegt skipunarvald að ræða? Sé valdið einungis formlegt er það ekki í samræmi við ofangreind markmið stjórnlagaráðs um skýra stjórnarskrá. Í skýringum stjórnlagaráðs við 90. gr. segir að væntanlega yrði „fyrsta formlega“ verk forsætisráðherra að skipa ráðherra. Síðan segir: „Má ætla að skipan ráðuneyta, tala ráðherra og verkaskipting sé hluti af umsömdum stjórnarsáttmála ef

→ Mun forsætisráðherra í raun skipa ráðherra að eigin vali eða er um formlegt skipunarvald að ræða?

um er að ræða samsteypustjórn.“ Samkvæmt þessu virðist forsætisráðherra ekki ætlað sjálfstætt vald til að skipa ráðherra. Líklegt er að þegar Alþingi kys forsætisráðherra liggi fyrir stjórnarsáttmáli og ráðherralisti og að forsætisráðherra hafi raunverulega ekki það skipunarvald sem tillögur stjórnlagaráðs kveða á um. Í dag er oft kosið um ráðherradóm þingmanna á þingflokksfundum. Þó að í tillögum stjórnlagaráðs sé ekki kveðið á um aðkomu Alþingis að skipan venjulegra ráðherra mun Alþingi eða alþingismenn koma að þeirri skipan með einum eða öðrum hætti, fram yfir vald til vantrausts. Það stangast á við tilvitnuð orð hér að ofan um að stjórnarskráin lýsi því fyrirkomulagi sem gildir í reynd.

Engar breytingar

Hér er því hvorki náð markmiðum tillagna stjórnlagaráðs um skýra stjórnarskrá né ganga þær upp varðandi skipan framkvæmdarvalds. Ákvæði um að ráðherrar séu æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði stangast á við hlutverk annarra handhafa þess. Forsætisráðherra er í raun æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins; forseti Íslands er það þegar hann veitir frumvörpum lagagildi með staðfestingu sinni; og ríkisstjórnin þegar hún tekur ákvarðanir um mikilvæg málefni. Tillögur stjórnlagaráðs um breytt form á vali æðstu handhafa framkvæmdarvalds (forsætisráðherra/ráðherrar) felja í raun í sér engar breytingar. Einungis aukði lýðræði fæli í sér raunverulega breytingu þannig að þjóðin kysi æðsta handhafa framkvæmdarvalds beinni kosningu.

Hvenær á að byrja í leikskóla?

Ég vil þakka Sigrúnu Lövdal, dagforeldri í Reykjavík, fyrir opið bréf til okkar Sóleyjar Tómasdóttur. Nokkrum athugasemdum vil ég koma á framfæri vegna orða Sigrúnar sem er gott að fá tækifæri til að leiðrétta. Það er ekki rétt sem kemur fram hjá Sigrúnu að borgarsjóður eigi í handraðanum 1,2 milljarða króna til nýrra verkefna. Borgin er þó í sífellu að greina fjárhagsleg áhrif breytinga á þjónustu borgarinnar, fyrir t.d. langtímaáætlanagerð. Það þýðir ekki sjálfkrafa að borgin hafi yfir þeim fjármunum að ráða. Samþykkt var snemma árs 2012 að ráðast í greiningu á margvíslegum áhrifum þess að börn hefji leikskólagöngu eins árs gömul, í stað þess að miða við árið sem þau verða tveggja ára. Niðurstöðurnar leiddu margt forvitnilegt í ljós; kostnað upp á 1,2 milljarða án framkvæmdakostnaðar við nýbyggingar, þörf á fjölgun starfsfólks um rúmlega 200 manns, áhrif á dagforeldrarerfið sem myndi óhjákvæmilega minnka, húsnæðisþörf og margt fleira. Verkefnið var unnið með aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar. En verkefnið var ekki síst áriðandi til að borgarstjórn gæti svarað með raunsæjum hætti spurningunni sem allir foreldrar hafa skoðun á: Hvenær eiga börn að byrja í leikskóla?

Helmingur foreldra velur leikskóla fyrir Í opnu bréfi Sigrúnar má lesa að hún telji að það sé eingöngu fjárhagslegt sjónarmið sem ráði því að foreldrar kjósa heldur leikskóla en dagforeldra. Það er rangt. Í viðhorfskönnunum skólayfirvalda í Reykjavík kemur ítrekað fram að um helmingur foreldra kys heldur

LEIKSKÓLAR



Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi og formaður skóla- og fristundaráðs

leikskóla en dagforeldra. Foreldrar tiltaka ýmsar ástæður fyrir því, kostnaður er þar á meðal. En foreldrar tilgreina einnig aðstöðu, örvun, öryggi, frí- og veikindadaga dagforeldra, stærri barnahóp og margt, margt fleira. Þegar foreldrar eru spurðir hvort þeir kysu frekar leikskóla en dagforeldri þrátt fyrir að þeir greiddu svipað gjald og hjá dagforeldri myndu samt sem áður 37% foreldra kjósa leikskóla. Þeir sem svara kannski eru 36% foreldra en fjórðungi fannst það ekki koma til greina.

Ánægja með dagforeldra

Þessar niðurstöður eru enginn áfelligsómur yfir þjónustu dagforeldra, foreldrar eru ánægðir með þeirra góða starf, umönnun og þjónustu. Ekki má líta framhjá því að um 50% foreldra kjósa heldur þeirra umönnun en að börn þeirra byrji ung á leikskóla. Fyrir því liggja margar ástæður, heimilislegri aðstæður, ein manneskja sér um barnið, samskipti við dagforeldrið skora hátt og færri börn í barnahópi eru meðal annarra ástæðna sem foreldrar tilgreina. Þetta dregur fram í dagsljósið að foreldrar hafa mismunandi skoðanir á því hvenær börn eiga að byrja í leikskóla. Það er okkar að taka mark á því þegar við þróum grunnþjónustu okkar á bilinu sem þarf að brúa milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Til framtíðar lítið

Síðastliðin ár hafa stórir árgangar fæðst í Reykjavík og því hefur borgin aukid umtalsvert fjármagn til leikskóla og dagforeldra. Við höfum forgangsraðað í knappri

→ Dagforeldrar verða áfram órjúfanlegur hluti af tilveru reykvískra fjölskyldna með ung börn.

stöðu borgarsjóðs til að tryggja grunnþjónustu sem reykvískir foreldrar treysta á. Dagforeldrar vilja að borgin hækki niðurgreiðslur til þeirra svo að foreldrar greiði svipað verð og væru börnin á leikskóla. Það tekur í pyngjuna að eiga barn hjá dagforeldri, því er hugmyndin góðra gjalda verð. Borgin hefur hingað til ekki haft það svigrúm sem þarf, því miður. Það er erfiðt að mæta kröfum um verulega hækkingu niðurgreiðslna til dagforeldra á sama tíma og risastórir árgangar barna þarfnast leikskóla og dagforeldra. Hins vegar skapast mikilvægt svigrúm til þess að gera betur þegar fæðingarorlofsjóður verður styrktur og orlofið lengt.

Fæðingarorlofið þarf að lengja

Borgarstjórn samþykkti nýverid einróma tillögu þess efnis að borgin ræði formlega við ríkisvaldið nauðsyn þess að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Fæðingarorlof á Íslandi er mun styttra en hjá öðrum norrænum ríkjum, það er staðreynd. Samþykktin í borgarstjórn er ekki yfirlýsing um að borgin telji dagforeldra minna mikilvæga. Dagforeldrar verða áfram órjúfanlegur hluti af tilveru reykvískra fjölskyldna með ung börn. Hins vegar er mikilvægt að tryggja að samvera ungra barna með foreldrum sínum geti verið sem mest – og einnig að borgin þrói áfram leikskólalastarfr fyrir yngstu börnin þannig að komið sé til mótis við þann hóp foreldra sem sannarlega velur leikskólana umfram allt annað.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HOLLT YFIR JÓLIN

Rósakál er mikið notað með hátíðamat. Rósakál er upphaflega frá Belgíu, þar sem það hefur verið notað frá því um 1700. Kálið er kallað Brussel-kál í mörgum löndum. Rósakál inniheldur A- og C-vítamín ásamt því að vera járn- og kalkríkt.



Nuddsæti Shiatsu MAX

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Kaupu einn bh og fáðu annan á 1/2 virði

Brjóstahaldari
6.900 kr.-
Buxur
3.300 kr.-

Selena

Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is



15% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM

MARINA RINALDI MaxMara

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



ÁNÆGD MEÐ CULIACAN

Fitness-drottningin Ingrid Romero borðaði reglulega á Culiacan þegar hún var stödd hér á landi í tilefni Icelandic Expó.
MYND/CULIACAN

FITNESS-DROTTNING FÉLL FYRIR CULIACAN

CULIACAN KYNNIR Ingrid Romero fitness-drottning féll fyrir hollum matseðli veitingastaðarins Culiacan, en hún tók þátt í sýningunni Icelandic Expó.

Sþænska fitness-drottningin Ingrid Romero sigraði í einu virtasta fitness-móti heims þegar hún var gengin þrjá mánuði með tvíbura. Hún fór að æfa aftur af kappi tveimur mánuðum eftir barnsburð og komst í sitt fyrra form á skömmum tíma. Hún þakkar það að stórum hluta góðu mataræði, en hún hefur gefið út tvær bækur um hvernig best sé að koma sér í form eftir barnsburð.

Romero var stödd hér á landi, nú sex mánuðum eftir fæðingu tvíburanna, og tók þátt í hreystisýningunni Icelandic Expó. Ingrid borðaði oft á Culiacan meðan á dvöl hennar stóð og á Facebook-síðu sinni lofar hún matseðil Culiacan og segir matinn bæði ljúffengan og ferskan.

„Ingrid hefur talað um að matur aukaefna sé aðalatriðið til að komast í form, en það er einmitt það sem við höfum alltaf haft að leiðarljósi,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir, eigandi Culiacan. „Við notum mikið af fersku grænmeti og kryddjurtum og útbúum

sósurnar okkar og guacamole alltaf frá grunni. Við notum aðeins kjúklinga-bringur en þær eru auðvitað besta hlutinn af kjúklingnum. Við bjóðum líka upp á nautakjöt, hreinan vöðva sem er soðinn og svo rifinn niður og einnig fitulítið nautahakk.“

Sólveig segir kjúklingaréttina vinsælasta á matseðli Culiacan en þó sé fólk að uppgötva nautakjötsréttina líka.

„Nautakjötið er að koma sterkt inn, sérstaklega eftir að við settum Léttu réttina á matseðil. Þar er einn réttur sem heitir Létt-enchilada og er hann með nautakjöti. Þessi réttur er að verða með vinsælustu réttunum okkar. Léttu réttirnir eru allir undir 400 kaloríum og ætlaðir fyrir þá sem vilja greinast. Telma Matthíasdóttir hjá fitubrensla.is þróaði þá með okkur, en hún hefur hjálpað fjölmörgum að ná tökum á nýjum lífsstíl og síðan hennar er mjög vinsæl á Facebook. Þar gefur hún meðal annars uppskriftir og góð ráð.“

FÁAR KALORÍUR

„Léttu réttirnir á matseðli Culiacan eru allir undir 400 kaloríum og ætlaðir þeim sem vilja greinast.“

Veitingastaður Culiacan er til húsa á Suðurlandsbraut 4a. Opið er alla daga frá klukkan 11.30 til 22.00. Matseðilinn má nálgast á www.culiacan.is



... þegar þú vilt þægindi

Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.



Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu

Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kikið á praxis.is

Bonito ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað Laug.

Flottar jólagjafir


Mikið úrval - Góð verð

TÉKK
www.tk.is
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



10% afsláttur af iittala



KALKÚNABORGARI Í JÓLAFÖTUNUM

KYNNING Jólamborgararnir á Texasborgurum við Grandagarð eru tveir, ekta amerískur kalkúnaborgari og rammíslenskur hreindýraborgari. „Það er svolítið síðan við byrjuðum með hreindýraborgarann og hann hefur runnið út,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Ég er sannfærður um að kalkúnaborgarinn á líka eftir að slá í gegn. Við berum hann fram í hamborgarabrauði með trönuberjasósu, salthnetum, maís, jöklasalati, rauðlauk og tómötum – og franskar fylgja að sjálfsgöðu með. Við erum komin í jólaskap þannig að verðið er ótrúlega lágt, aðeins 1.290 kr.“



Hreindýraborgarinn er ekki síður freistandi, enda ekta íslensk villibráð í girnilegum búningi og hann kostar ekki nema 1.490 kr. Texasborgarar eru bæði með vefsíðu, texasborgarar.is, og á Facebook þar sem meðal annars er hægt að skoða matseðilinn og tilboð sem alltaf eru í gangi á þessum jólalega hamborgarastað við gömlu höfnina.



HUGARFARIÐ SKIPTIR MÁLI

ÖRYGGI Margir Íslendingar hjóla til og frá vinnu yfir vetrartímann. Huga þarf að ýmsu fyrir veturinn þegar kemur að öryggi og fatnaði hjólreiðamanna.

Það færast sífellt meir í vöxt að Íslendingar hjóla stóran hluta ársins, sérstaklega á suðvesturhorni landsins. Einn þeirra er Fjölur Björgvinsson, nýkjörinn formaður Fjallahjólaklúbbsins, sem keypti fyrsta alvöruhjól sitt fyrir tíu árum. Hann hefur notað hjólið sem aðalsamgöngutæki á þessu tímabili enda eru hjólreiðar að hans sögn góður kostur til að sameina útiveru, hreyfingu og sparnað. „Ég hugsa að í um 2/3 tilfella noti ég hjólið til að komast til og frá vinnu. Hjólið er meira notað yfir sumartímann en aðeins minna yfir veturinn. Svo nota ég líka bílinn ef ég þarf að sinna ýmsum öðrum erindum yfir daginn en hjólið er aðalsamgöngutæki mitt í dag.“

Mikil vitundarvakning hefur orðið hér á landi undanfarin ár hvað hjólreiðar varðar og segir Fjölur marga þætti spila þar inn í. Fyrst og fremst sé þó um viðhorfsbreytingu að ræða enda fólk farið að hugsa betur um heilsuna og stunda meiri útivist en áður.

Fjölur segir mikilvægast fyrir hjólreiðamenn að hafa í huga í vetur að vera á góðum nagladekkjum enda sé betra heima setið en út farið ef ekki er grip á dekkjunum í snjó og hálfu.

„Nagladekkir eru frábær og í raun nauðsynlegur kostur fyrir íslenska veturinn. Margir hafa verið hikandi við að fjárfesta í þeim enda kosta þau sitt. Þau endast hins vegar mjög lengi og eru um leið mikilvægasti öryggisþátturinn. Auðvitað skiptir hjálmurinn líka máli en án nagladekkja eru hjólreiðamenn í raun bremsulausir. Það er nefnilega betra að koma í veg fyrir slys en að sleppa vel úr þeim. Svo má ekki gleyma hugarfarinu, sem skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli. Hjólreiðamenn þurfa að setta sig við að þeir fara ekki eins hratt yfir eins og á góðum sumardegum.“

Einnig nefnir Fjölur góðan fatnað, ljós og glitauga sem þætti sem skipta miklu máli fyrir hjólreiðamenn í vetur. Þar skipta góðir vettlingar og húfa miklu auk skófatnaðar.

Að lokum bendir Fjölur á mikilvægi þess að vera vel sjáanlegur í umferðinni, enda eigi öllum erfitt með að vera tillitssamir ef þeir sjá ekki hjólreiðamennina. „Þá eru vestir góður kostur ef hjólað er mikið á götum. Sjálfur kys ég að hjóla frekar á göngustígum þótt leiðin verði aðeins lengri fyrir vikið. Það er samt allur gangur á því.“

ALLIR HJÓLANDI Mikil vitundarvakning hefur orðið hér undanfarin ár þegar kemur að hjólreiðum að sögn Fjölnis Björgvinssonar, formanns Fjallahjólaklúbbsins.

MYND/ANTON



TILBÚNN! Nagladekk, ljós og glitauga eru nauðsynleg í vetur.

MYND/ANTON

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
 Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
 Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
 Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
 jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
 sverrirbs@365.is, s 512 5432
Elsa Jensdóttir
 elsaj@365.is s. 512-5427

JÓLABJÓRINN ER FITANDI

● **MARGAR KALORÍUR**
 Nú er jólabjórinn kominn í Vínbúðina og margir vilja njóta hans á adventunni. Það er hins vegar ágætt að hafa í huga fyrir þá sem vilja halda sér í formi að það tekur tuttugu mínútur að skokka af sér hálfan lítra af bjór og fjórutíu mínútur ef gengið er rólega. Þeir sem vilja halda sér í réttri þyngd en njóta samt góðra veiga þurfa því að hreyfa sig reglulega. Það er ekki bara bjórinn sem er fitandi, hálfur lítri af gosi er síst betri þegar kemur að kaloríum. Eitt rauðvinsglas er þó heldur skárri því það tekur tíu mínútur að skokka það af sér. Ef nasl er borðað með bjórnum aukast kaloriurnar enn frekar, en í 100g af kartöfluflögum eru 527 kaloríur. Það tekur tæpar tvær klukkustundir að hlaupa þau grómm af sér.



AUGNÞURRKUR

BELLAVISTA
 Hælp til at normalt syn - takvirgta plantur og næringstofur

BELLAVISTA náttúruelgt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum

Meirapróf

ÖKU SKOULINN Í MJÖDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 21. nóvember

ÓÁNÆGÐAR MEÐ LÍKAMANN

Í niðurstöðum könnunar sem sænska tímaritið Familjeliv stóð fyrir kom fram að önnur hver móðir gæti hugsað sér að fara í einhvers konar lýtaaðgerð eftir barnsburð. Ungar mæður eru margar mjög óánægðar með líkamann eftir fæðingu. „Ég gat ekki hugsað mér að fara í bikini,“ er haft eftir 32 ára konu sem lét laga brjóstin eftir að hafa eignast tvíbura og fannst hún öðlast kvenleika sinn aftur.

Alls tóku 1.128 konur þátt í þessari könnun en sautján prósent þeirra sögðust til í að fara í fitusog, þrettán prósent í brjóstalyftingu, níu prósent í brjóstastækkun, fjögur prósent vildu andlitslyftingu, þrjú prósent gátu hugsað sér að breyta nefinu, eitt prósent vildi láta lagfæra bakhlutann og þrjú prósent gátu hugsað sér að fara í bótoxaðgerð svo eitthvað sé nefnt.

Mælt er með því að konur fari á viðurkennda læknastofu ætli þær í lýtaaðgerð. Þá er bent á að rétt sé að fara til tveggja til þriggja lýtalækna áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Bent er á að öllum aðgerðum fylgi áhætta og konur þurfa að vera vel á sig komnar líkamlega og andlega. Ekki er talið heppilegt að kona sem á við át-röskun að stríða fari í fegrunar-aðgerð, né heldur ef andleg veikindi eru til staðar eða áföll í einkalífi svo sem skilnaður. Þá ættu konur alltaf að óska eftir kvittun fyrir aðgerðinni.

BÓTOX Alls kyns óánægja er til staðar hjá ungum konum varðandi líkama sinn.

JÓLAGJAFAHUGMYNDIR

ÞRIÐJUDAGUR 20. NÓVEMBER 2012

Kynningarblað Ódýrar gjafir, sniðugar gjafir og gjafir fræga fólksins.



Það er hugurinn sem gildir

Nú eru fimm vikur til jóla og þeir sem ekki sanka að sér jólagjöfum allt árið um kring þurfa að fara að bretta upp ermarnar.

Yfirleitt er lítið mál að finna gjafir handa börnunum en gjafir handa foreldrum, systkinum og vinum geta verið vandfundnar. Oft grynna líka ansi hratt í buddunni en það má þó finna ýmislegt fallegt og nytsamlegt fyrir örfáa þúsundkalla. Ef gjöfin er valin af kostgæfni fyrir hvern og einn viðtakanda og að baki liggur ást og umhyggja skiptir ekki máli hvað hún kostar.

Þrjónaglaðir eiga hægt um vik og geta þrjónað vettlinga, stúkuk, legghlífar og sokka á fólkið sitt. Þeir sem vilja krydda með smá frumleika geta stungið góðgæti og öðru smálegu ofan í.

Ólíur og edik koma sér alltaf vel og fást oft í fallegum flöskum sem gott er að pakka inn í sellófan og láta fallega orðsendingu og jafnvel ljóðbrot fylgja.



Krem og sturtusápa er klassísk gjöf fyrir konur jafnt sem karla og kemur alltaf að notum.



Kerti fást í úrvali á þessum árstíma og flestir hafa not fyrir þau. Þá má velja saman fallega liti og búa til alls kyns skreytingar. Víða er líka að finna ilmkeri sem gefa dásamlegan húsilm; jafnvel epla-, kanil- og piparkökuilm.

Glerkrukkur fást í ýmsum stærðum og gerðum í húsagna- og smáhluta-verslunum og þurfa ekki að kosta mikið. Þær eru margar á fæti með loki og virkilega smart. Þær má fylla með heimagerðum smákökum, karamellum eða öðru sniðugu. Þegar innihaldið er búið stendur eftir eiguleg krukka undir ýmislegt smálegt.



Gáfu gítara og antíkmuni

Stjörnu- og vampíruparið úr Twilight-myndunum, Kirsten Stewart og Robert Pattinson hefur verið mikið í umræðunni. Þau voru saman, hættu saman og eru nú aftur byrjuð saman og leiddust eftir rauða dreglinum á frumsýningu nýjustu Twilight-myndarinnar, Breaking Dawn Part 2. Jólunum munu þau því væntanlega verja saman eins og í fyrra, þar sem jólagjafirnar voru ekki af verri endanum.

Kirsten gaf Robert tvo forláta gítara; Fender Jazzmaster frá 1959 og K&F kjöltugítar frá 1947. Saman kostuðu þessir gítarar um tólf þúsund dollara, eða um eina og hálf milljón króna. Robert var nú ekki eins flottur á því og hoppaði inn í antikverslun og keypti ýmsa muni fyrir Kirsten; stafinn R úr stáli, gamalt viðarútvarp, forláta rúmgöf og plakat úr myndinni I, a Woman. Samanlagt borgaði hann um níu hundruð dollara fyrir munina. Það verður gaman fyrir aðdáendur þessins og Twilight-myndanna að fylgjast með því hvað þau gefa hvort öðru í ár.



KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósín, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasíðir og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega:

Atli Bergmann
atlib@365.is
512 5457

Benedikt Freyr Jónsson
benni@365.is
512 5411

Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is
512 5427

Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
512 5473

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is
512 5432






JÓLAGJÖF ÁRSINS 1982

Vinsælasta jólagjöf ársins fyrir 30 árum var án efa fótanuddtækið frá danska raftækjaframleiðandanum Clairol. Alls seldust um 14.000 stykki á sínum tíma og var salan fyrir jólin 1982 sérstaklega mikil. Tækið hefur fyrir löngu skipað sér sess í Íslandssögunni, bæði sem ein vinsælasta gjöfin en ekki síður sem ein frægasta jólagjöfin sem komið hefur á markað héraðs. Allir þekktu fótanuddtækið, hvort sem þeir áttu það eða ekki. Það var Radíóbúðin, sem var í Skipholti í Reykjavík, sem flutti tækin inn á sínum tíma og seldi þau. Aðsóknin í fótanuddtækið var svo mikil á tímabili að verksmiðjan hafði vart undan að framleiða tækin fyrir Íslandsmarkað. Fótanuddtækið kostaði 1.250 kr. á sínum tíma sem eru nálægt 20.000 kr. í dag og þótti ódýrt. Miðað við mannfjölda þjóðarinnar árið 1982 átti einn af hverjum sautján Íslendingum fótanuddtæki. Heimild: Morgunblaðið.

KAFFIBOLLI Í PARÍS

Ef þú ert í stökustu vandræðum með að gefa einhverjum gjöf þar sem hann á í raun og veru allt, gæti verið gott að vikka út sjóndeildarhringinn og gefa eitthvað óhefðbundið.

Að gefa ávísun á upplifun færir sifellit í aukana og þarf ekki að vera svo dýrt. Til dæmis er kjörið að gefa gjafabréf á einhvern stað sem viðkomandi hefur ekki farið á, eða eitthvað sem krefst örlitlar fyrirhafnar. Eins og til dæmis gjafabréf á kakóbolla á kaffihúsinu við Gullfoss. Þannig ertu í raun búin að gefa ferð að Gullfossi og upplifunina sem felst í því að líta þann fagra foss augum. Þessu eru í raun engin takmörk sett og þess vegna hægt að gefa gjafabréf á lítið kaffihús í París. Það er um að gera að nota hugmyndaflugið og láta sér detta í hug skemmtilega staði til að upplifa ævintýri.



HEIMATILBÚNAR JÓLAGJAFIR

Heimatilbúnar jólagjafir geta verið mjög skemmtilegar og fjölbreyttar. Mörgum finnst enn skemmtilegra að fá þess konar gjafir því þær eru oft persónulegri en aðrar. Fyrir þá sem eiga ung börn getur verið sniðugt að láta börnin fönndra eitthvað fallegt til að gefa öfum og ömmum eða bara skella góðri mynd af barnabörnunum í ramma og gefa þeim. Það er líka einföld lausn að baka einhverjar góðar smákökur eða búa til konfekt, kaupa fallegar krukur, setja góðgætið í og gefa vinum og vandamönnum. Hér eru nokkrar góðar hugmyndir að einföldum, heimatilbúnum jólagjöfum.

Baðsalt

Eina sem þarf í þessa gjöf er krukka eða flaska, salt, matarlitur og ilmvatn eða olía með lykt.

Uppskrift að köku

Öll innihaldsefni köku sett saman í krukku (að minnsta kosti þurrefnin) og þau látin mynda mismunandi lög. Fallegt að horfa á og auðvelt að skella í köku.

Persónuleg dagatöl

Hægt er að prenta út dagatöl á netinu sem er auðvelt að festa saman við ljósmyndir eða myndir sem börnin hafa gert.



Landsins mesta úrval bóka í spjaldtölvuna þína

eBækur bjóða mesta úrval raf- og hljóðbóka á landinu. Þar finnurðu nýjustu metsölubækurnar, barnabækur og sígildar bókmenntir eftir íslenska og erlenda höfunda. Fyrsta séríslenska rafbóka-appið fullkomnar svo þægindin og lestrarupplifunina.

Smelltu þér á eBækur og byrjaðu að njóta.

Njóttu þess að lesa ...

eBækur

www.ebækur.is

GEFÐU ÁVÍSUN Á GÓÐA HEILSU Í JÓLAGJÖF



Úrval gjafabréfa í boði í öllu sem viðkemur heilsurækt,
snyrti- og nuddmeðferðum.



World Class
ICELAND
worldclass.is

LAUGARSPA
laugarspa.is

FYRIRBURUM FJÖLGAR

FLEIRI RANNSÓKNIR ÞARF Sérfræðingar segja að þörf sé á fleiri rannsóknum til að komast að því hvernig draga megi úr líkum á fyrirburafæðingum.

Fyrirburafæðing er önnur algengasta dánarorsök barna yngri en fimm ára. Greining sem gerð var í 39 þróuðum löndum bendir til að hægt sé að draga úr fyrirburafæðingum með ýmsum aðferðum, svo sem að hætta að setja upp fleiri en einn frjónvagaðan fósturvísi í glasfrjónvunum. Þessar aðgerðir myndu samt sem áður aðeins fækka fyrirburafæðingum um fimm prósent. Í læknaðinu Lancet kemur fram að sérfræðingar telja að ástæður fyrir mörgum fyrirburafæðingum séu ókunnar og þörf sé á mun fleiri rannsóknum til að varpa ljósi á þetta vandamál.

Á hverju ári fæðast um fimmtán milljónir barna fyrir 37 vikna meðgöngu og þessar tölur fara hækkandi nánast alls staðar. Skilningur á því hvers vegna þetta gerist og hvað er hægt að gera til að snúa þessari þróun við er takmarkaður. Talið er að 1,1 milljón fyrirbura látist árlega í heiminum öllum. Flest þessara barna fæðast í þróunarlöndum aðeins nokkrum vikum fyrir tímenn þar sem dánarorsökin er einfaldlega sú að nauðsynleg úrræði til að bjarga þeim eru ekki til staðar. Sérfræðingar telja þó að einnig sé hægt að draga úr fyrirburafæðingum í þróuðum löndum. Sérfræðingar á sviði heilbrigðismála barna skoðuðu hvaða áhrif það hefði í 39 þróuðum löndum ef fimm þekktum íhlutum væri beitt til að minnka líkur á fyrirburafæðingum. Íhlutanirnar eru þær að fá mæður til að



hætta reykingum, stuðlað væri að því að aðeins einn frjónvagaður fósturvísir væri settur upp í glasfrjónvunum, dregið væri úr fyrirfram ákveðnum keisarskurðum um áttafíu prósent (sem eru yfirleitt gerðir fyrir fulla meðgöngu) nema ef læknisfræðilegar ástæður væru fyrir þeim, konum með sögu um áhættu-meðgöngur væru gefin meðgönguhormón og saumað yrði fyrir legháls kvenna með „veikan“ legháls svo þær færu ekki af stað í fæðingu of snemma. Ef öllum þessum aðferðum væri beitt telja sérfræðingarnir að 58 þúsund færri fyrirburar fæddust. ■ lilja.bjork@365.is

FYRIRBURI Á hverju ári fæðast um fimmtán milljónir barna fyrir tímenn og fer fyrirburafæðingum fjölgandi. NORDICPHOTOS/GETTY



**Stelpur
Konur**

Staðurinn - Ræktin

Jólagleði hjá JSB

Gríptu tækifærið!

Jólaafsláttur

20% afsláttur af 3ja, 6 og 12 mánaða kortum dagana 20. - 27. nóvember einng af 12 mánaða áskrift - aðeins 5.500 kr. á mánuði

Í jólapakkann

Hverju seldu korti fylgir 5 tíma klippikort

Nánari upplýsingar á jsb.is

Velkomin í okkar hóp!



LÍKAMSRÆKT

JSB


leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

Opið hús
Alþjóðadagur
Barna 20 nóv

